



SKOÐUN Sif Sigmarsdóttir veltir fyrir sér tilgangi símaráðgjafar Læknavaktarinnar. **13**



MENNING Hilmir Snær Guðnason leikstýrir Monty Python-söngleiknum Spamalot. **26**



SPORT Danka Podovac hefur farið á kostum í Pepsi-deild kvenna í sumar og er markahæst. **22**

OPÍÐ 24 TÍMA **Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla**

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
5. júní 2013
130. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt Örnefniáskiptum Útgefendagbl. janúar - mars 2012

FRÉTTIR



Sá viðtal við Birgittu og dreif sig til Íslands

Roy Albrecht íhugar að setjast að á Íslandi til að geta tjáð skoðanir sínar óáreittur. Viðtal við Birgittu Jónsdóttur var kveikjan að Íslandsförinni. **2**

Hrisingur olli ekki dauða Breskur sérfræðingur segir hrising ekki dánaorsök barns sem var í umsjá dagföður og lést 2003. **2**

Persónuleikaröskun æ algengari Sjálfsvígstíraunir eru algengar hjá sjúklingum með það persónuleikaröskun, sem verður æ algengari. **4**

Dæmdur fyrir smygl Íslendingur í 12 ára fangelsi í Danmörku fyrir amfetamínsmygl. **6**

Amfetamín- og rítalínfaraldur

Tilbúin efni verða sífellt algengari á fíkniefnamarkaðnum í Evrópu. Sama þróun á sér stað hérlendis. Sum tilbúnu efnanna hafa ekki enn verið bönnuð. Borið hefur á metamfetamíni undanfarið. Rítalínið stórvandamál.

LÖGREGLUMÁL Metamfetamín er miklu þekktara hér á landi nú en áður fyrr. Þetta staðfestir Karl Steinar Valsson aðstoðaryfirlöggregluþjónn í samtali við Fréttablaðið. Neysla metamfetamíns einskorðaðist áður nær eingöngu við Tékkland og Slóvakíu. Það hefur verið að breiðast út um Evrópu samkvæmt árlegri skýrslu Eftirlitsmiðstöðvar Evrópu með lyf og lyfjafíkn um stöðu fíkniefnamála í Evrópu.



KARL STEINAR VALSSON



PÓRARINN TYRFINGSSON

„Það er misjafnt hvernig framboðið er á því. Það er þó miklu þekktara nú en áður, þó að við höfum ekki verið að taka það í miklu magni; söluskömmtum eða jafnvel stærri neysluskömmtum.“

Íslenski fíkniefnamarkaðurinn dregur að miklu leyti dóm af straumum og stefnum í Evrópu, segir Karl Steinar.

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að tilbúin fíkniefni, til dæmis amfetamín og skyld efni, hafi sífellt verið að að ryðja sér meira til rúms

síðustu ár. Þá er átt við efni sem búin eru til frá grunni en byggja ekki á náttúrulegum afurðum eins og kókaín eða heróín.

Mörg þessara efna eru ný þannig að ekki er enn búið að banna þau. Í fyrra fundust til að mynda 73 áður óþekkt efni í ríkjum Evrópusambandsins, þar af 19 efni sem skyld eru amfetamíni og MDMA (e-töflum).

„Uppgangur amfetamíns hér á landi, eða efna sem eru skyld því, er alveg

Rítalínið er áhyggjuefnið

Pórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogu, segir ekki hafa orðið mikil breyting á vímuefnamarkaðnum síðustu tvö til þrjú árin. Fyrir nokkru hafi rítalín, sem er löglegt lyf, komið inn á hinn ólöglega vímuefnamarkað og tekið yfir stóran hluta af neyslunni, sumir segi þriðjung eða allt að helming af markaðnum fyrir örvandi eiturflyf.

„Við sjáum þetta frá Vogu að hópurinn sem er háður örvandi vímuefnum hefur notað meira af rítalíni en nokkru sinni fyrr.“

í takt við það og enn ein vísbendingin um að Ísland er í svipaðri stöðu og önnur lönd,“ segir Karl Steinar.

Í evrópsku skýrslunni segir að þróunin sé að mörgu leyti jákvæð. Minni nýliðun sé í hópi heróínneytenda og sprautunotkun dragist saman og notkun á kannabísefnum, bæði hassi og maríjúana, sé á undanhaldi í mörgum ríkjum.

- Þj, kóp / sjá síðu 8

→ Notkun kannabísefna er á undanhaldi í mörgum Evrópulöndum.

SHALDÖR 12

Bolungarvík	11°	S	7
Akureyri	19°	S	4
Egilsstaðir	18°	SV	5
Kirkjubæjarkl.	10°	SA	3
Reykjavík	12°	SA	8

Best NA- til Sumar og sól á N- og A-verðu landinu í dag. Dregur úr vindi og úrkomu S- og V-til með deginum. Hiti 10-20 stig. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fólk | Stöð 2



LÍF Í LÆKJARGÖTU Heimafólk og ferðamenn arka yfir Lækjargötu á rigningardegi í Reykjavík. Júní hefur verið vætusamur hingað til en veðrið hafði lítil áhrif á góða skapið hjá þeim sem Fréttablaðið ræddi við í bæjarferð í gær. Sjá síðu 8

next

Skyrta
Kr. 2.490.-

Gallabuxur
Verð frá kr. 2.490.-

KRINGLUNNI • SÍMI 5513200

Íslendingar syrgja ástsælan fjölmiðlamann og skemmtikraft:
Hemmi Gunn fallinn frá

Hermann Gunnarsson fjölmiðlamaður, betur þekktur sem Hemmi Gunn, er látinn. Hann var 66 ára gamall, fæddur 9. desember 1946. Hermann varð bráðkvaddur í Taílandi í gær, en hann var þar í fríi.

Hemmi varð fyrst þekktur sem einn fremsti knattspyrnumaður Íslands. Hann starfaði svo um áratuga skeið í fjölmiðlum, fyrst sem íþróttafréttamaður á Ríkisútvarpinu. Hann stjórnaði lengi einum vinsælasta sjónvarpsþætti landsins, Á tali hjá Hemma Gunn. Síðustu ár starfaði hann bæði í sjónvarpi og útvarpi hjá 365 miðlum, bæði á Stöð 2 og á Bylgjunni. Þá var hann einnig tónlistarmaður, söngurinn á nokkrar plötur og gaf út sólóplötuna Frískur og fjörugur. Hann lét af störfum á Bylgjunni í apríl síðastliðnum og hugðist þá leggja lokahönd á sjálfsævisögu sína.

Viðbrögðin við fréttum af andláti Hemma í gærkvöldi voru grófarleg og mörg þúsund Íslendingar höfðu tjáð harm sinn og samúð með aðstandendum hans á netinu í gærkvöldi. „Það er ekki skrýtið þó öll þjóðin elski hann, og mikið eigum við eftir að sakna hans,“ sagði Heimir Karlsson, vinur og fyrrverandi samstarfsmaður Hemma á Bylgjunni í samtali við Vísi í gærkvöldi.

Hermann lét eftir sig fjölda afkomenda, börn og barnabörn. - þeb

HERMANN GUNNARSSON



kvik

Borðplatan kostar aðeins **1***

Kvik Reykjavík
Suðurlandsbraut 16, Sími 5880500

*Tilboðið gildir við kaup á heilli eldhúsinnréttingu til 16. júní 2013. Gildir fyrir öll plasthúðuð plötu-efni í vörulista Kvik. Má ekki nýta samhliða öðrum tilboðum.

VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Á Laugalandi í Borgarfirði rækta hjónin Þórhallur og Erla gúrkur. Þar hefur fjölskylda Þórhalls stundað garðyrkju frá árinu 1942. Jarðhiti er á svæðinu og notast þau við eigin vatnsveitu til að hita upp gróðurhúsin með vatni frá hvernunum. Gúrkurnar eru tíndar á hverjum degi og pakkað svo þær komi örugglega ferskar til neytenda.

- Partýgúrkubitar Þórhalls og Erlu -

Hálf gúrka skorin niður í 1½ cm þykkar sneiðar og fráein hreinsuð innan úr þannig að fyllingin verði falleg í miðjunni.

Fylling með taðreyktum silungi og basil

// ½ dós rjómaostur // ½ tsk. sinnep //
// 150 g taðreyktur silungur //
// nokkur blöð af fersku basil //
// 1 tsk. sæt chillisósa //

Setja allt í matvinnsluvélina og mauka gróflega. Toppa gúrkusneiðarnar með silungafyllingunni og skreyta með basil eða spírum.

Gulrótarfylling með döðlum

// ½ dós rjómaostur //
// 1 stk. gulrót rifin niður //
// Saxa döðlur í litla bita //

Hræra saman í matvinnsluvél rjómaostinn, rifnu gulrótunum og döðlunum. Fylla gúrkusneiðarnar og skreyta þær með granateplum og eða spírum.





Startup

Reykjavík

Arion banki
Innovit
Klaks

HVITA HÚSIS/ISA - 13-1532

CLOUD
ENGINEERING



DESIGNING
REALITY



MYMXLOG



WHEN GONE



REMIND ME



NÝSKÖPUNIN HELDUR ÁFRAM

Fimm af þeim tíu sprotafyrirtækjum sem tóku þátt í Startup Reykjavík 2012 hafa nú fengið styrki frá Tækniþróunarsjóði. Styrkirnir nema alls 135 milljónum króna og munu hjálpa frumkvöðlunum að stíga næstu skref að fullsköpuðum fyrirtækjum.

Við hjá Arion banka erum stolt af að hafa átt þátt í að styðja við þessi spennandi verkefni og óskum öllum sem að þeim standa til hamingju.

Kynntu þér hvaða hópar voru valdir til þátttöku í Startup Reykjavík 2013 á arionbanki.is.



Startup Reykjavík er samstarfsverkefni Arion banka, Innovit og Klaks.

VEISTU SVARID?



1. Hver er nýr þjálfari meistaraflokks Fram í knattspyrnu?
2. Hver er forsætisráðherra Grikklands?
3. Hverjir fylgja Heiðu Eiríksdóttur og Berglindi Ágústsdóttur á tónleikaferð

SVÖR:
1. Ríkharður Þaðason. 2. Recep Tayyip Erdoğan. 3. Sýnir þeirra.

Forsætisráðherra ræddi skuldaniðurfellingu heimilanna við Reuters og segir ríkisstjórnina ætla að koma til móts við heimilin:

Samningum við kröfuhafa ljúki á árinu

EFNAHAGSMÁL Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra vonast eftir því að samningum við erlenda kröfuhafa um uppgjör þrotabúa gömlu bankanna ljúki á þessu ári. Í takt við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vill hann nýta svigrúm sem kann að skapast samhliða uppgjörnum til að lækka húsnæðisskuldur en náist ekki samningar tímanlega sé þó til staðar varaáætlun.

Þetta kom fram í viðtali Reuters-fréttastofunnar við Sigmundur Davíð í gær. Þá sagði Sigmundur að ríkisstjórnin myndi ekki blanda sér í við-

ræðurnar við kröfuhafa. Stjórnin myndi hins vegar ekki veita neinu samkomulagi samþykki sitt nema í því fælust nægjanlegir afskriftir af kröfum kröfuhafa til að greiða götu afnáms hafta. Þá vísaði Sigmundur til orða Más Guðmundssonar um að þær afskriftir gætu numið 75%. -mþl

SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON



Svigrúm fyrir lántakendur

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að nýta beri svigrúm sem kann að skapast samhliða uppgjöri þrotabúa gömlu bankanna til að koma til móts við lántakendur og þá sem lögðu sparnað í heimili sín fyrir bankahrun. Í yfirlýsingunni kemur þó einnig fram að ríkisstjórnin haldi þeim möguleika opnum að stofna sérstakan leiðréttingarsjóð til að ná sama markmiði. Í viðtalinu við Reuters sagði Sigmundur að jafnvel þótt samningum við kröfuhafa lyki ekki á árinu myndi ríkisstjórnin samt sem áður koma til móts við heimilin. Hann nefndi þó ekki nákvæmlega hvenær skuldaniðurfellingarnar færu fram.

Dæmdur fyrir stórfellt fíkniefnasmygl

Guðmundur Ingi Þóroddsson dæmdur í 12 ára fangelsi í Danmörku. Játaði tilraun til að smygla allt að 66 kílóum af amfetamíni til Danmerkur. Sjö Íslendingar enn í haldi.

DÓMSMÁL Guðmundur Ingi Þóroddsson var á mánudag dæmdur í tólf ára fangelsi í Danmörku fyrir stórfellt fíkniefnasmygl. Guðmundur Ingi, sem er 39 ára, var höfuðpaurinn í nokkrum tilraunum til að smygla allt



GUÐMUNDUR INGI ÞÓRODDSSON

að 66 kílóum af amfetamíni til Danmerkur. Alls komu átján menn við sögu í rannsókn lögreglu á málinu. Guðmundur Ingi játaði sinn þátt í smyglinu og því var málið gegn honum skilið frá málarekstri gegn tíu öðrum sem ákærðir hafa verið. Af þeim eru sjö Íslendingar. Margir hafa verið í haldi dönsku lögreglunnar síðan í haust. Réttað verður yfir þeim í ágúst.

Lögreglan hafði fylgst með hinum grunuðu í langan tíma áður en hún lét til skarar skriða og handtók mennina á síðasta ári.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafði unnið að rannsókn málsins í töluverðan tíma þegar danska lögreglan kom að því í maí á síðasta ári en það er með því stærsta sem lögreglan hefur rannsakað. Það var lögreglan í Kaupmannahöfn sem fór með forræði málsins en vann það með lögregluembættum á hinum Norðurlöndunum, þar meðal lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Við rannsóknina á smyglhringnum höfðu augu manna beinst í ýmsar áttir, enda er talið að hann hafi starfað lengi og verið mjög stórtækur um alla Evrópu.

Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar, sagði í samtali við fjölmiðla þegar málið kom upp í haust að götuvatnið efnanna hefði verið



SEKUR Guðmundur Ingi Þóroddsson var á mánudag dæmdur í 12 ára fangelsi fyrir innflutning á fíkniefnum til Danmerkur.

Umsvifamikill smyglari

Guðmundur Ingi hefur verið búsettur á Spáni um árabíl. Hann hefur margt komið við sögu vegna fíkniefnasmyglis. Hann fékk sjö ára fangelsisdóm á Íslandi árið 2000 og árið 2002 fékk hann fimm ára dóm fyrir fíkniefnasmygl sem hann skipulagði úr fangaklefa sínum. Þá flutti hann með aðstoð samfanga sinna og manna utan fangelsisins inn tæplega 1.000 e-töflur og gerði misheppnaða tilraun til að flytja inn 4-5.000 e-töflur.

talið nema hundruð milljónum króna en efnið mun hafa verið mjög hreint.

Alls voru fimm manns ákærðir fyrir að hafa tekið þátt í smyglinu, þar á meðal faðir hans.

hanna@frettabladid.is

66 kíló er magnið af amfetamíni sem Guðmundur Ingi reyndi að smygla til Danmerkur.

Lesendur Fréttablaðsins fljótir að tileinka sér nýja tækni:

10.000 hafa sótt Fréttablaðs-appið

tækni Alls hefur smáforrit Fréttablaðsins verið sótt 10.000 sinnum í forritaveitur Apple og Google síðan því var hleypt af stökunum fyrir rúmri viku. Forritið, Fréttablaðs-appið, gerir notendum kleift að lesa hvert tölublað á snjallsímum eða spjaldtölvum og fá blöðin send í tækin á hverjum útgáfudegi.

Appið hefur verið mest sótt forritið bæði í App Store hjá Apple og Play Store fyrir tæki með Android-stýrikerfi. Um þriðjungur notenda sem sótt hafa appið notar Android-tæki en tveir þriðju nota annaðhvort iPad eða iPhone.



BLAÐIÐ MEÐ APPINU Lesendur Fréttablaðsins hafa í þúsundavís sótt sér smáforrit blaðsins, svokallað app, í snjallsíma og spjaldtölvur sínar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BIRTING LÝSINGAR

Útgefandi: REG 2 Smáralind, fagfjárfestastjóður, kennitala 621112-9960, Borgartúni 19, 105 Reykjavík

REG 2 Smáralind, fagfjárfestastjóður, hefur birt lýsingu í tengslum við umsókn um að flokkur eignavarnara skuldabréfa væri tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Lýsingin er dagsett 4. júní 2013 og staðfest af Fjármálaeftirlitinu, gefin út á Íslensku og gefin út rafrænt og birt á vefsíðu Stefnis hf. sem er rekstraraðili sjóðsins, nánar tiltekið á slóðinni www.stefnir.is/kaupholl. Lýsinguna má nálgast á vefsíðunni næstu 12 mánuði. NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir opinberlega ef skuldabréfin eru tekin til viðskipta og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur með bréfin eru á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Skuldabréfin eru gefin út af REG 2 Smáralind sem er fagfjárfestastjóður rekinn af Stefni hf. Upphafleg höfuðstólsfjárhæð útgefna skuldabréfa, sem öll hafa verið seld, og heildarheimild útgáfu nemur 2.400.000.000 kr. að nafnverði. Bréfin eru gefin út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Auðkenni flokksins er REG2SM 12 1. ISIN-númer skuldabréfanna er IS0000022556. Bréfin eru gefin út í íslenskum krónum og er hver eining skuldabréfanna 1 kr. að nafnverði. Tilgangur með því að fá skuldabréfin tekin viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. er að tryggja fjárfestum að starfshættir og upplýsingagjöf um m.a. fjárhagsstöðu útgefanda séu í samræmi við Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefna af NASDAQ OMX Iceland hf., eins og þær eru á hverjum tíma, svo og að auka markaðshæfi skuldabréfanna.

Nánari upplýsingar um REG 2 Smáralind og skuldabréfaflokkinn REG2SM 12 1 má finna í lýsingu sjóðsins. Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. hafði umsjón með því ferli að fá skuldabréfin tekin til viðskipta í Kauphöllinni.

Reykjavík, 4. júní 2013
Stjórn Stefnis hf.

STEFNIR

Arion banki

LANGAR ÞIG Í BÍÓ?

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ
BORGARABÍÓ BÍÓ★PARADÍS

Það er sama hvað er að gerast - við seljum miðana.

midi.is

ÖLL REIÐHJÓL ÁN VIRÐISAUKASKATTS* DAGANA 5.-9. JÚNÍ

**TAX
FREE
DAGAR**

**FRÍ
HEIMSENDING**



Allt vörurvalið er fánlegt í Smáralind, Skeifunni, Kringlunni, Holtgöðum og www.hagkaup.is. Minna úrval í öðrum verslunum. Frí heimsending gildir á höfuðborgarsvæðinu. ** Frí yfirferð og ástandsskoðun á reiðhjólum einu sinni innan árs frá kaupum hjá hjólafréttum fagaðila.

**FRÍ
YFIRFERÐ &
ÁSTANDSSKOÐUN**
ÞJÓNUSTA
& GÆÐI**

*Jafngildir 20,32% verðlækkun.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

FÍKNIEFNAMARKAÐURINN Í EVRÓPU

Tilbúin fíkniefni sækja fram í Evrópu

Ný skýrsla um fíkniefnamarkaðinn í Evrópu leiðir í ljós að hefðbundin efni eins og kókaín og heróín gefa eftir á kostnað tilbúinna efna. Sum hver hafa ekki enn verið bönnuð. Karl Steinar Valsson segir þróunina hafa verið svipaða hér á landi.

Porgils Jónsson
thorgils@frettabladid.is



Ákveðinna umskipta gætur á fíkniefnamarkaðnum í Evrópu um þessar mundir þar sem tilbúin fíkniefni, efni sem framleidd eru úr kemískum efnum, eru að ryðja sér sífellt meira til rúms. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá Eftirlitsmiðstöð Evrópu með lyfjum og lyfjafíkn (EMCDDA), sem er sjálfstæð stofnun á vegum Evrópusambandsins.

Í ársskýrslu EMCDDA um stöðu fíkniefnamála í Evrópu kemur fram að þróunin sé að mörgu leyti jákvæð. Minni nýliðun er í hópi heróínneytenda, sprautnotkun dregst saman og notkun á kannabisefnum, bæði marjúána og hassi, er á undanhaldi í mörgum ríkjum.

Slæmu fréttirnar eru hins vegar þær að merkja má aukna neyslu á tilbúnum lyfjum á borð við amfetamín í hinum ýmsu myndum en einnig verða lög-reglufirvöld vör við sífellt fleiri nýjar tegundir tilbúinna efna sem

Svipuð staða á íslenska markaðnum



Þróunin á íslenskum fíkniefnamarkaði undanfarin misseri hefur verið í takt við það sem segir frá í skýrslunni, að sögn **Karls Steinars Valssonar** aðstoðaryfirlöggregluþjóns. Hann tók þó fram að hann hafði ekki lesið skýrsluna sjálfa.

„Þessi birtingarmynd sem skýrslan virðist sýna held ég að sé í takt við það sem við höfum verið að sjá hér á landi. Uppgangur amfetamíns eða efna sem eru skyld því er alveg í takt við það og enn ein vísbendingin um að Ísland er í svipaðri stöðu og önnur lönd.“

jafnvel er ekki enn búið að banna, en eru framleidd til að líkja eftir áhrifum bannaðra efna. Í fyrra fundust til dæmis 73 áður óþekkt efni í ríkjum ESB, þar af níttján efni sem eru skyld amfetamíni og MDMA (E-töflum). Þá er að sjá að neysla metamfetamíns, sem áður einkorðaðist nær eingöngu við Tékkland og Slóvakíu, sé að breiðast út og hefur hennar orðið vart í Þýskalandi, Grikklandi, Kýpur og Tyrklandi.

Fíkniefnamarkaðurinn er umfram allt afar kvikur og kall- ar, að mati skýrsluhöfunda, á að ríkin hagi stefnumótun eftir því.

77 MILLJÓNIR

Evrópubúa hafa prófað kannabisefni á ævinni

3 MILLJÓNIR

nota kannabis daglega eða allt að því.

14,5 MILLJÓNIR

Evrópubúa hafa prófað kókaín á ævinni.


475 DAUÐSFÖLL

í Evrópu 2011 voru rakín til neyslu kókaíns.

BREYTINGAR Á NEYSLU FÍKNIEFNA ÁHYGGJUEFNI


Eftirlitsmiðstöð ESB með lyfjum og lyfjafíkn lýsir áhyggjum af breytingum á eiturlyfjamarkaði á meginlandi Evrópu. Þar hafa notendur í auknum mæli snúið sér frekar að tilbúnum fíkniefnum, sem jafnvel er ekki búið að banna, en hefðbundnari lyfjum eins og heróíni og kókaíni.

Atvik þar sem fíkniefni voru haldlögð árið 2011 (þúsund atvik)



MYNDARLEGUR

www.landrover.is



NÝR LAND ROVER DISCOVERY 4
VERÐ FRÁ 10.990.000 KR.

OPIÐ LAUGARDAG
FRÁ 12-16

Land Rover Discovery 4 er einn glæsilegasti jeppi sem til er. 211 hestafla disilvél sem eyðir aðeins 8,3 l/100 km í blönduðum akstri*, ný 8 þrepa sjálfskipting með takkaskiptingu í stýrinu og loftpúðafjöðrun á öllum hjólum sem tengd er Terrain Response stillanlega fjöðrunarkerfinu.

Þú færð allar nánari upplýsingar um verð og búnað á www.landrover.is



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BÍLA KAFFI

REYNSLUAKSTUR Í DAG KEMUR SKAPINU Í LAG



NISSAN QASHQAI DÍSIL 4.990 þús. kr.

Vinsælasti fjórhjóladrifni bíll landsins.

Eldsneytisnotkun frá 4,6 l/100 km*



DÍSIL

RENAULT MEGANE SPORT TOURER SJÁLFSKIPTUR DÍSIL 3.890 þús. kr.

Fullvaxinn fjölskyldubíll sem fer hringinn á einum tanki.

Eldsneytisnotkun frá 5,2 l/100 km*



FRÍTT Í STÆÐI Á
MIDBORGARSVÆÐINU

DÍSIL



SUBARU XV SJÁLFSKIPTUR 5.390 þús. kr.

Nýr sparneytinn Subaru með fullkomið fjórhjóladrif, bakkmyndavél og „start/stopp“ búnað á vél.

Eldsneytisnotkun frá 5,5 l/100 km*



NISSAN JUKE 3.990 þús. kr.

Þessi bíll kemur á óvart – líka þegar þú prófar. Ríkulegur stalbúnaður.

Eldsneytisnotkun frá 5,2 l/100 km*



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Bílahúsið
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

Finndu sumarjeppann á góðu verði NOTAÐIR jeppar á sumarsölu í dag



Nissan X-Trail LE (ANM99)
2,0 152 hö dísil sjálfsk. 4x4
Skráður 9.2007. Ek. 79.000 km.
Verð: 3.590.000 kr.
Afsláttur: 700.000 kr.
Sumartilboð: 2.890.000 kr.



Ford Expl. XLT Sport (ZGK29)
4,0i 214 hö bensín sjálfsk. 4x4
Skráður 11.2007. Ek. 76.000 km.
Verð: 3.280.000 kr.
Afsláttur: 690.000 kr.
Sumartilboð: 2.590.000 kr.



Ssangyong Rexton (YNG80)
2,7 186 hö dísil sjálfsk. 4x4
Skráður 7.2009. Ek. 83.000 km.
Verð: 4.290.000 kr.
Afsláttur: 500.000 kr.
Sumartilboð: 3.790.000 kr.



Chrysler Aspen (YH814)
4,7i 233 hö bensín sjálfsk. 4x4
Skráður 8.2007. Ek. 66.000 km.
Verð: 3.290.000 kr.
Afsláttur: 500.000 kr.
Sumartilboð: 2.790.000 kr.



Toyota Land Cruiser VX (NG804)
4,0i 248 hö bensín sjálfsk. 4x4
Skráður 9.2005. Ek. 197.000 km.
Verð: 3.690.000 kr.
Afsláttur: 700.000 kr.
Sumartilboð: 2.990.000 kr.



Ford Escape Ltd. (JLJ27)
3,0i 200 hö bensín sjálfsk. 4x4
Skráður 3.2008. Ek. 90.000 km.
Verð: 2.790.000 kr.
Afsláttur: 500.000 kr.
Sumartilboð: 2.290.000 kr.



Lincoln Navigator Lux. (LMF70)
5,4i 299 hö bensín sjálfsk. 4x4
Skráður 6.2006. Ek. 114.000 km.
Verð: 3.290.000 kr.
Afsláttur: 800.000 kr.
Sumartilboð: 2.490.000 kr.



Suzuki Grand Vit. Lux (UOS60)
2,7i 187 hö bensín sjálfsk. 4x4
Skráður 11.2007. Ek. 61.000 km.
Verð: 2.790.000 kr.
Afsláttur: 300.000 kr.
Sumartilboð: 2.490.000 kr.

**SKOÐAÐU ÚRVALIÐ
FINNDU SUMARBÍLINN ÞINN
notadir.brimborg.is**

Söludeildir Brimborgar eru
opnar virka daga frá kl. 9-17
og frá kl. 12-16 á laugardögum

LYKILL
Byður allt að 75% fjármögnun
www.lykill.is

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



KRAKKAR Á KREIKI Börn í þriðja og fjórða bekk í Breiðagerðisskóla voru að koma úr árlegri vettvangsferð í Elliðaárdal.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Allir hressir í rigningu

Skólakrakkar og ferðamenn voru áberandi í borgarlandslaginu í slagviðrinu í gær. Ferðafólkið sagði regnið ekkert koma á óvart. Börnin héldu sínu striki kampakát.

FÓLK „Við erum nú allveg von þessu því við erum frá Wales og þar rignir ansi mikið,“ sögðu þau Hywel Mallet og Samantha Harpet sem spókuðu sig létt í bragði í miðbæ Reykjavíkur í gær.

Erlendu ferðamennirnir í höfuðborginni í gær virtust flestir vera af skemmtiferðaskipunum tveimur sem lágu við festar í Sundahöfn. Þeir virtust lítið láta rok og rigningu slá sig út af laginu, sögðust hafa átt

von á slíkum trakteringum, bjuggu sig einfaldlega eftir veðri og fóru á stúfana.

Annar áberandi hópur var börn á lokasperttinum í skólanum fyrir frí. Hressir krakkar úr þriðja og fjórða bekk Breiðagerðisskóla gengu um Elliðaárdal og könnuðu leyndardóma hans. Í Viðey skoðuðu krakkar í sjötta bekk í Laugarnesskóla sig um og létu feiknavel af sér við komuna í land. gar@frettabladid.is



BÚIN EFTIR VEÐRI Skortur á hlífðarfatnaði plagaði ekki þetta par í Lækjargötu.



VIÐEYJARFARAR SNÚA Í LAND Krakkarnir í sjötta bekk í Laugarnesskóla létu ekki dálítinn vind á Sundunum fæla sig frá hressandi siglingu í Viðey.



SAMANTHA OG HYWEL Langaði til Noregs og fengu Ísland í kaupbæti í tveggja vikna skemmtisiglingu.

Sorgin fer ekki í sumarfrí

Opið hús hjá nýrri dögum, samtökum um sorg og sorgarviðbrögð fyrsta fimmtudag hvers mánaðar kl. 20:00 í Safnaðarheimili Háteigskirkju neðri hæð.

6. júní, 4. júlí, 8. ágúst og 5. september.

Opið hús eru vettvangur fyrir syrgjendur til deila reynslu með öðrum sem eru í sömu sporum.

Allir hjartanlega velkomnir.

NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

www.nydogun.is • www.sorg.is • sorg@sorg.is

➔ Right hefur hressilega á Reykvíkinga undanfarna daga og næstu daga virðist einhver úrkoma í kortunum samkvæmt vedur.is. Júnímánuður var með eindæmum þurr í fyrra og sömuleiðis árið 2011.



EKKERT MÁL Þessar ágætu konur, sem komu með skemmtiferðaskipi frá Englandi, sögðu rigninguna hér síst koma þeim í opna skjöldu.



FORSETI FINNLANDS Sauli Niinistö fordæmir hótanirnar.

Finnlandssvía í Finnlandi: Hótanir um líflát og nauðgun

FINNLAND Þekktum Finnum hefur verið hótad lífláti fyrir að tala sænsku í Finnlandi. Sjónvarpskonan Bettina Sångbom, sem er Finnlandssví, er einn þeirra en hún stýrir þætti sem sendur er út á sænsku. Hún greindi nýlega frá líflátshótun í tölvupósti sem henni barst.

Päivi Storgård í Sænska þjóðarflokknum í Finnlandi sagði nýlega frá hótun um nauðgun sem henni barst símleiðis. Forseti Finnlands, Sauli Niinistö, hefur fordæmt hótanirnar.

Bæði finnska og sænska eru opinber tungumál í Finnlandi þótt Finnlandssvía séu aðeins um 300 þúsund eða um fimm prósent íbúa Finnlands. - ibs

Funda með ráðamönnum: Sendinefnd frá AGS á landinu

EFNAHAGSMÁL Fundaröð sendinefndar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) með íslenskum stjórnvöldum hófst í gær og stendur til 14. þessa mánaðar.

Fram kemur í tilkynningu frá Frane Rozwadowski, fulltrúa AGS á Íslandi, að um reglubundna fundi með stjórnvöldum sé að ræða, auk hefðbundins eftirlits með löndum sem notið hafa efnahagsaðstoðar sjóðsins.

„Að viðræðum loknum kemur sendinefndin til með að deila niðurstöðum sínum með fjölmiðlum,“ segir Frane Rozwadowski í yfirlýsingunni. - óká



FRANEK ROZWADOWSKI

ÍSAFJÖRÐUR

Friðartré í skoðun

Ísafjarðarbæ hefur verið boðið að taka þátt í að efla frið í landinu. Friðarhlaupið, sem hlaupið verður um allt land frá 20. júní til 12. júlí, hefur óskað eftir því að bærinn gangist fyrir því að planta tré sem helgað verður friði. Á bb.is kemur fram að vonast sé til að fleiri sveitarfélög fylgi í kjölfarið. Málið hefur verið kynnt í bærarstjórn Ísafjarðar en engin ákvörðun tekin.

Ertu með góða hugmynd fyrir Menningarnótt?

Við ætlum að styrkja skemmtilega og frumlega viðburði á

Menningarnótt 2013 sem haldin verður 24. ágúst nk. Viðburðir

hátíðarinnar fara fram á torgum, í húsasundum, görðum,

galleríum, verslunum, menningarstofnunum og heimahúsum.

Menningarnæturpotturinn er samstarfsverkefni Höfuðborgarstofu og Landsbankans sem verið hefur máttarstólpi Menningarnætur frá upphafi.

Veittir verða styrkir úr Menningarnæturpottinum, 50.000–200.000 kr. til einstaklinga og hópa sem vilja skipuleggja fjölbreytta og áhugaverða viðburði á Menningarnótt. Í ár verður kastljósinu beint að gömlu höfninni og verkefnum sem tengjast henni. Sú tenging er þó ekki skilyrði fyrir styrkveitingu og tekið verður vel á móti öllum umsóknum.

Tekið er við umsóknum frá 11. maí til 9. júní á www.meningarnott.is. Móttaka umsókna er til 31. júlí.

Nánari upplýsingar um styrki hátíðarinnar veita viðburðastjórar Höfuðborgarstofu á meningarnott@reykjavik.is í síma 590 1500.



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000



WISE
- snjallar lausnir

hvert er
þitt hlutverk?

Wise býður fjölbreyttar viðskiptalausnir fyrir fólk



„Hættið að geraða“

Í DAG

Sif
Sigmarsdóttir
riðhöfundur

Þegar ég fór í starfskynningu á Morgunblaðið í 10. bekk og skartaði dragtarjakka af mömmu og hátíðlegri svip en páfinn á jólunum sá ég fyrir framtíð fulla af ábúðarfullum skrifum um hluti eins og verðbólgu, stýrivexti og aflaheimildir. Ef einhver hefði sagt hinni fimmtán ára gömlu mér að tveimur áratugum síðar ætti hún eftir að skrifa grein á leiðaraopnu útbreiddasta dagblaðs landsins um eigin líkamsvessa og ósjálfrátt þvaglát hefði hún farið svo hjá sér að hún hefði lagt varanlega frá sér Montblanc-pennann sem hún fékk í fermingargjöf og tekið strætó upp í Vífilfell þar sem hinn helmingur bekkjarins sótti starfskynningu í von um ókeypis kóflösku.

Um leið og ég lofa að halda áfram skrifum um virðulega hluti á borð við verðtryggingu og fiskveiðistjórnunarkerfið þar sem frá var horfið í næsta pistli vil ég ráðleggja þeim sem eru með lágan vandræðaleikapröskuld að hætta tafarlaust að lesa.

„Ég hugsa alltaf um þetta ef“

Verandi ólétt reyni ég að forðast lífsreynslusögur fjölmiðla. Það hormónabað sem sálir þungaðra kvenna fá í níu mánuði að svamla í veldur því að slík lesning endar yfirleitt með ósköpum. Fyrir tveimur vikum rak ég hins vegar

augun í slíkt viðtal sem heltók mig svo að ég gat ekki hætt að lesa.

Viðtalið birtist í DV og rætt var við unga konu, Valgerði Guðjónsdóttur, sem hafði misst tvö börn sem fæddust fyrir tímann aðeins níttján ára. Frá þessari reynslu sagði Valgerður af aðáunarverðri hreinskilni, en hún vonaðist til að auka skilning á aðstæðum þeirra sem missa börn á slíkan hátt. Valgerður á heiður skilinn fyrir að deila hinum ýmsu hlíðum svo persónulegs myssis með landsmönnum. Það krefst hugrekks. Margt vakti mig til umhugsunar við lestur viðtalsins. Eitt hefur setið sérstaklega í mér síðan.

Valgerður var aðeins sautján ára þegar hún missti fyrra barn sitt. Hún vaknaði upp með verki í baki og blóðlitað slím í buxunum. Hún hringdi samstundis í Læknavaktina og henni var sagt að þetta væri eðlilegt, hún ætti bara að róa sig niður og strjúka bumbuna.

„Eftir á að hyggja þá er þetta eina manneskjan sem ég er reið út í,“ segir Valgerður í viðtalinu. „Ef ég hefði farið strax upp á spítala þá hefði kannski verið hægt að koma í veg fyrir að ég missti barnið. Ég hugsa alltaf um þetta ef.“

Af einhyrningum og tunglferðum

Þessi yfirlætislegu viðbrögð heilbrigðisstarfsmannsins hinum megin á línunni hefðu líklega ekki vakið athygli mína sérstaklega ef ekki væri fyrir þær sakir að eitt neyðarlegasta atvik meðgöngu minnar hingað til var einmitt í boði símaráðgjafar Læknavaktarinnar (en af nógu er að taka eins og óléttar konur sem hafa t.d. hnerrað á óheppilegum tíma vita).

Snemma á meðgöngunni varð ég

vör við blæðingar. Sem sjálfskipaður Íslandsmeistari í afneitun voru viðbrögð mín þau að stinga höfðinu í sandinn. Eiginmaðurinn ákvað hins vegar að hunska tilraun mína til að slá nýtt met í afreksþróttinni og hringdi í Læknavaktina.

„Hættið bara að geraða,“ sagði tyggjórtrandi kona hinum megin á línunni, af jafnmikilli hlýju og frostþinni, og yppti öxlum gegnum símalínuna. Konan hefði allt eins getað sagt okkur að slátra einhyrningi, fljúga með hann til tunglsins á vængjum frá stoðtækjaframleiðandanum Össuri og færa hann geymverum að fórn, svo fjarri voru ráð hennar raunveruleikanum, líðan og aðstæðum.

Það gerir mann ekki að kvensjúkdómalækni að vera óléttur. Ég leyfi mér hins vegar að fullyrða að hin „réttu“ ráð við blæðingum á meðgöngu eru hvorki að hætta að „geraða“ né að „róa sig niður og strjúka bumbuna“. Á upplýsingavef breska heilbrigðiskerfisins segir orðrétt: „Blæðing á öllum stigum meðgöngu getur verið hættumerki og skal samstundis hafa samband við lækni eða ljósmóður beri á slíku. Ástæður blæðinganna eru sjaldnast alvarlegar en mjög mikilvægt er að þær séu greindar strax.“

Ég velti fyrir mér hvort tilgangur símaráðgjafar Læknavaktarinnar sé að láta fólk fara hjá sér og gera svo lítið úr kvillum þess að það sleppir því að þyngja heilbrigðiskerfinu með heimsókn. Það tók mig nokkra daga að komast yfir að hið faglega hugtak heilbrigðisgeirans yfir athöfnina sem stuðlar að fjölgun mannkyns skuli vera það sama og svölu krakkarnir í grunnskóla sem héngu fyrir utan

„Hættið bara að geraða,“ sagði tyggjórtrandi kona hinum megin á línunni ...

hverfissjoppuna og reyktu Camel (þeir sömu og fóru í starfskynningu í Vífilfell) notuðu til að misbjóða okkur teprunum. Þá dreif ég mig loks til læknis.

Spurning um líf og dauða

Töfin sem símtalið til Læknavaktarinnar olli hafði ekki afleiðingar fyrir undirritaða. Í öðrum tilfellum getur verið spurning um líf og dauða.

Í Bretlandi, þar sem ég dvel nú, standa yfir ákafar rökræður um ágæti nýrrar símaráðgjafar heilbrigðiskerfisins, á borð við þá sem Læknavaktin veitir. Bretar eru þekktir fyrir að sýna af sér hörku kabólks sjálfshyðingarfólks þegar kemur að naflaskoðun og sjálfsgagnrýni. Okkur Íslendingum hættir hins vegar stundum til að hrökkva í vörn við gagnrýni. En slíkt er hættulegt.

Ef ekki er vandað til verks við símaráðgjöf í heilbrigðiskerfinu getur skaðinn sem ráðgjöfin veldur verið meiri en gagnið sem hlýst af henni. Tvær dæmisögur eru hins vegar ekki marktæk gæðarannsókn. Hugleiðingum þessum er ætlað að velta upp þeirri spurningu hvort hugsanlegt geti verið að þarna sé pottur brotinn. Sem liður í því þætti undirritaðri vænt um að heyra hver reynsla lesenda er af símaþjónustunni og eru þeir sem treysta sér til að deila henni beðnir um að senda línu á netfangið sif.sigmarsdottir@gmail.com.

AF NETINU



„Fyrsta mótuneyti Sigmundar Davíðs ...“

Ástsælasti starfsmaður þingsins, Sígga matræðskona, hefur nú ákveðið að Alþingi komi saman til sumarþings nk. fimmtudag.

Þetta hefur hún tilkynnt þingheimi formlega um leið og hún greindi frá því að þann dag yrði í matinn brauð, álegg og súpa. Ýmsum kom þetta á óvart – að sögn mest forsætisráðherra.

Margir töldu að forsætisráðherra kynni að ætla að tímasetja vorþing þannig að sauðburður yrði örugglega frá, en í ljósi þess að liðið er á annan mánuð frá kosningum gerðu ýmsir því skóna að hugsanlega ætlaði hann að halda vorþingið að hausti – þannig að það truflaði ekki heldur göngur og réttir.

Þegar í ljós kom að óvissan lá einfaldlega í því að nýi forsætisráðherra þjáist af ákvörðunarfélni á hærra stigi en áður var talið tók Sígga matræðskona til sinna ráða. Það kom engum á óvart sem hana þekkir, og hefur upplifað þá ógleymanlegu lífsreynslu að borða hjá henni hrossabjúgu. Því gleymir enginn meðan lífsanda dregur.

<http://blog.pressan.is/ossur>
Össur Skarphéðinsson

El Injerto

FRÁ BÝLI Í BOLLA

Litríkt kaffi beint frá kaffibóndanum Arturo í Gvatemala

Kaffitár

Kaffitár án krókaleída

kaffitar.is

PETTA GERÐIST 5. JÚNÍ 1968

Robert Kennedy skotinn til bana

Robert F. Kennedy var skotinn í morgunsárið þennan dag árið 1968. Hann hafði nýlega fengið útnefningu sem forsetaefni demókrataflokksins og undir morgun þennan dag ávarpaði hann stuðningsmenn sína í veislusal Ambassador-hótelisins í Los Angeles.



Eftir ávarpið fór Kennedy, gegn fyrirmælum lífvarðar síns, í gegnum eldhúsið til að stytta sér leið. Þar varð hann, ásamt fimm öðrum, fyrir árás Sirhans Sirhan, palestínsk manns sem var reiður Kennedy fyrir stuðning hans við Ísraela í sex daga stríðinu en það hófst nákvæmlega ári fyrr. Kennedy lést af sárum sínum 26 klukkutímum eftir árásina. Hinir sem urðu fyrir árásinni komust lífs af.

MERKISATBURÐIR

- 1915** Danska stjórnarskráin veitir konum kosningarétt.
- 1920** Brjóstsykursgerðin Nói hefur starfsemi sína.
- 1956** Elvis Presley birtist í sjónvarpinu og hneykslar áhorfendur með mjaðmahnykkjum sínum.
- 1967** Sex daga stríðið hefst fyrir botni Miðjarðarhafs.
- 1968** Forsetaframbjóðandinn Robert F. Kennedy er skotinn.
- 1974** Ólafur V Noregskonungur heimsækir Ísland.
- 1975** Súesskurðurinn opnaður í fyrsta sinn eftir að sex daga stríðinu lauk.



SÝNING Inga Lára Baldvinsdóttir er höfundur sýningar og nýrrar bókar um Sigfús Eymundsson, ljósmyndara með meiru.
FRÉTTABLAÐID/ANTON

Maðurinn sem skapaði myndina af Íslandi

Á laugardaginn næsta verður opnuð fyrsta yfirlitssýningin á ljósmyndum Sigfúsar Einarssonar og sama dag kemur út bók um hinn fjölhæfa athafnamann. Inga Lára Baldvinsdóttir er höfundur sýningarinnar og bókarinnar.

„Þeir sem einhvern menningarsögulegan áhuga hafa ættu að geta horft á þessa sýningu út frá ansi mörgum sjónarhornum,“ segir Inga Lára Baldvinsdóttir, fagstjóri Ljósmyndasafns Íslands. Inga Lára er höfundur yfirlitssýningar á ljósmyndum Sigfúsar Eymundssonar, sem opnuð verður í Þjóðminjasafninu á laugardag, og nýrrar bókar um þennan fjölhæfa athafnamann sem kemur út sama dag.

Á sýningunni, sem er liður í 150 ára afmæli Þjóðminjasafnsins, verða verkum þessa frumkvöðuls í ljósmyndun á Íslandi gerð skil og gefur meðal annars að líta upprunalegar myndir eftir Sigfús sem aldrei hafa áður komið fyrir sjónir almennings. Inga Lára segir þetta í raun fyrstu yfirlitssýninguna á ljósmyndum Sigfúsar.

„Árið 1976 var gefin út bók eftir Þór Magnússon með úrvali mynda af ljósmyndastofu Sigfúsar, sem var mjög vinsæl. Á þessum tíma var að hefjast vakning á því að gamlar ljósmyndir hefðu menningarsögulegt gildi og síðan hafa myndir Sigfúsar gengið aftur og aftur í bókum um sögu Reykjavíkur og húsasögu borgarinnar, því hann var lykilmaður í ljósmyndun á 19. öld.“

Í bókinni sem kemur út á laugardag, sama dag og sýningin opnar, er meðal annars farið yfir ævi Sigfúsar og hans stóra þátt í því að skapa myndina af Íslandi, eins og Inga Lára orðar það, enda var hann í raun fyrsti ljósmyndari landsins til að gera



Á PINGVÖLLUM Að ofan: Mynd Sigfúsar af Almannagjá um 1874. Til vinstri: Sigfús Eymundsson, fjótlega eftir að hann hóf störf.

sig gildandi og gera ljósmyndun að alvöru atvinnuvegi. „Sigfús hafði alltaf mörg járn í eldinum, enda fjölhæfur maður og duglegur. Hann byrjaði að taka myndir árið 1866 og rak ljósmyndastofu í Reykjavík til 1909 og lést tveimur árum síðar.

Bókabúðina hóf hann að reka 1872 og seldi hana sama ár og hann lést. Þá stóð hann líka í prentsmiðjurekstri og bókaútgáfu, auk þess sem hann var umboðsmaður fyrir Allan-skipafélagið sem flutti Íslendinga vestur um haf. Það eru ákveðin forréttindi að fá að vinna að svona sýningu og skemmtilegt að fá tækifæri til að sinna rannsóknarstarfi sem þessu,“ segir Inga Lára.
kjartan@frettabladid.is

+

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
HELGA SIGURÐARDÓTTIR
Nökkvavogi 29, Reykjavík,
lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli mánudaginn 3. júní. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 10. júní kl. 15.00.

<p>Elizabeth Haraldsdóttir Einar Valgeirsson Sigurður Valgeirsson Valgeir Valgeirsson Hörður Valgeirsson börn og barnabörn.</p>	<p>Richard Webber Birna Leifsdóttir Auður Ingólfssdóttir Kristín Þórsdóttir</p>
--	--



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
SIGURBJÖRG SIGURÐARDÓTTIR
(DÍA)
Viðihlíð 31, Reykjavík,
lést fimmtudaginn 30. maí á hjúkrunarheimilinu Grund við Hringbraut. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 11. júní klukkan 15.00.

<p>Ingólfur Einarsson Guðbjörg Einarssdóttir barnabörn og barnabarnabörn.</p>	<p>Þórdís Örfjörð Skúladóttir Finnur Egilsson</p>
--	--



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
JÓHANNA SIGRÍÐUR
GUÐJÓNSDÓTTIR
lést laugardaginn 25. maí. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

<p>Hallkell Þorkelsson Kristbjörn Þorkelsson Þorkell Þorkelsson ömmu- og langömmubörn.</p>	<p>Vigdís Ársælsdóttir Guðrjúður Pálsdóttir</p>
---	--



+

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
ELLEN BJARNADÓTTIR
Naustahleini 22, Garðabæ,
lést á Hrafnistu í Hafnarfirði, mánudaginn 3. júní sl. Útför verður auglýst síðar.

<p>Guðmundur Sigurjónsson Rannveig Guðmundsdóttir Helga Guðmundsdóttir Alma Guðmundsdóttir ömmubörn og langömmubörn.</p>	<p>Símon Ægír Gunnarsson Jón Guðmundsson Björn Jóhann Björnsson</p>
---	--



+

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
KRISTÍN HRAFNJÖRD
lést að morgni 3. júní.

<p>Sigríður Erna Sverrisdóttir Erla Björk Sverrisdóttir Magnea G. Hafberg Sverrisdóttir Sigurlaug Hrefna Sverrisdóttir barnabörn og barnabarnabörn.</p>	<p>Torfi Ólafsson Bjarni Arnarson</p>
--	--



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
INGA J. GÍSLADÓTTIR
Vogatungu 5, Kópavogi,
lést á Landspítalanum Fossvogi mánudaginn 3. júní 2013.

<p>Guðrún Halldórsdóttir Guðborg Halldórsdóttir Andri Már Ólafsson Baldur Baldursson Kristín Sveiney Baldursdóttir og barnabarnabörn.</p>	<p>Baldur Jónsson Birna Friðfinnsdóttir Anna Rún Einarssdóttir Hlynur Guðlaugsson</p>
--	--



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



ÞÓRBERGSSETUR

Opin dagskrá verður í Þórbergssetri sunnudaginn 9. júní. Dagskráin er tengd bókmenntum, menningarferðapjónustu og verkefni á vegum Ferðapjónustu bænda undir heitinu „BÆNDUR BJÓÐA HEIM“ | WWW.THORBERGUR.IS

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn Afkastamikill
þurrkari >



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Á VAMPÍRUSLÓÐUM

FERÐIR Kjartan Yngvi Björnsson rithöfundur skrifar framhald Hrafnsauga í Transilvaníu, ásamt Snæbirni Brynjarssyni.

Kjartan Yngvi Björnsson rithöfundur er staddur í Rúmeníu, nánar tiltekið Sighisoara í Transilvaníu. Þar stundar hann ritstörf ásamt Snæbirni Brynjarssyni. „Við fórum hingað til að klára framhaldið á Hrafnsauga. Þetta verður þá önnur bókin í Þriggja heima sögu,“ segir Kjartan og segir andrúmsloftið vekja innblástur. „Við sjáum reglulega eldingar út um vinnustofugluggann okkar og heyrum drynjandi þrumur í fjarska. Svo búa leðurblökur í turninum á móti húsinu okkar. Kannski er eitthvað dularfullt í gangi þar.“

Ferðalagið er hluti af rannsóknarvinnu fyrir bókina. „Við fundum Sighisoara fyrir tilviljun og heilluðumst algjörlega, svo við ákváðum að klára bókina innan um turna og borgarmúrana þar.“

Dvölin hefur ekki verið viðburðalaus, því ævintýrin hófust strax á fyrsta degi. „Við lentum á flugvellinum laust eftir miðnætti og skimuðum eftir bílstjóranum sem átti að bíða okkar. Við fundum hann ekki svo við fengum leigubílstjóra til að keyra


okkur til Sighisoara. Við hefðum kannski átt að leita betur því leigubílstjórinn reyndist hálfsturlaður og heynarlaus,“ segir Kjartan. „Hann þrugaði með okkur í gegnum hnausþykka þoku á 90 km/klst., keðjureykjandi og muldrandi við sjálfan sig, yfir fjöll og gegnum skóga. Við mættum úlfi við vegkantinn sem hörfaði undan bílljósunum inn í þokuna.“

Kjartan segir umhverfið talsvert ólíkt því sem Íslendingar eiga að venjast og að mörg hús séu í niðurníðslu. „Kastalarústir og klausturvirkir eru algeng og varla þverfótað fyrir UNESCO-vernduðum byggingum og rústum,“ segir hann kíminn og bætir við: „Ég kann þó vel við að sjá hestvagna á götunum og eldri menn með hatta.“

Kjartan mælir eindregið með að fólk sem á leið um svæðið skoði borgvirkni og þá sérstaklega klukkuturninn. „Svo er líka gaman að vera svolitill túristi og fara til Bran-kastalans, þar sem Drakúla greifi ku hafa dvalið. Þótt sögurnar af blóðsugunni séu eflaust svolítið ýktar, þá er kastalinn magnaður.“

ÓLÍK LÍFSGÆÐI

Kjartan segir að þótt lífsgæði í Transilvaníu séu vissulega allt önnur en á Íslandi sé heillandi að sjá hestvagna sem almennan ferðamáta.



BORGARVIRKI

Kastalarústir og klausturvirkir eru algeng sjón í Sighisoara.

■ halla@frettabladid.is

basic
Sími 571-5671
Háholti 13 - 15 / 270 Mosfellsbæ Við hið Krónunnar



Hvíldarstólar á sumartilboði
í Basicplús Mosfellsbæ

OPIÐ

Virka daga kl. 12 - 18
Laugardaga kl. 12-15

Verð nú aðeins
kr. 110.000.-
Verð áður 139.000.-



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

holl og góðfæða studlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga retta



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

Menntaskólinn í Kópavogi
Hótel- og matvæðaskólinn
Ferðamálastólun og Leiðsöguskólinn
Digranesvegi 51
sími 594 4000
www.mk.is



Stúdentsnám

- Félagsfræðabraut
- Málabraut og ferðagreinar
- Náttúrufræðibraut
- Viðskipta- og hagfræðibraut
- Listnámsbraut

AN3 Grunndeild matvælagreina fyrir þá sem stefna á að verða:

- Bakari
- Framreiðslumaður (þjónn)
- Kjötiðnaðarmaður
- Matreiðslumaður (kokkur)

Framhaldsskólabraut

Kynntu þér málið á www.mk.is og á facebooksíðu skólans MK – Menntaskólinn í Kópavogi Sími 594 4020



FRÁBÆRT VERÐ Lambaborgari bernaise með laukhringjum og frönskum kostar aðeins 1.390 kr. MYND/GVA

LAMBABORGARI MEÐ BERNAISE-SÓSU

Texasborgarar kynna

Íslenskt lambakjöt hefur fengið heiðursess á Texasborgurum við Grandagarð. „Í Texas hafa þeir nautið en lambið er auðvitað langbesta kjöt sem við getum fengið,“ segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Við úrbeinum og hökkum lambalæri og búum til hamburgara úr því án nokkurrá aukaefna. Þetta er því eins

hreint og heilnæmt gæðahráefni og hægt er að hugsa sér.“ Lambaborgararnir ásamt meðlæti kosta aðeins 1.390 kr. Þeir eru 140 grömm, bornir fram með djúpsteiktum laukhringjum, grænmeti og hamburgara- og kryddsósu. Meðlætið er franskar og ekta heimalöguð bernaise-sósa. Nánar á texasborgarar.is og á Facebook.



BÍLSÆTIN VERÐA EINS OG NÝ

BÓLSTRUN Hafsteinn Sigurbjarnarson hefur gert við bílsæti í yfir þrjátíu ár og hefur nóg að gera. Hann segir góða bólstrun á bílsætum og skrifstofustólum mikilvæga fyrir bak og mjaðmir.

Bílsætin eru stór hluti verkefna hjá mér og ég leyfi mér að segja að ákveðin hönnunarmistök einkenni bílsæti í dag. Grindurnar eru of beittar, þær skerast upp í svampinn og koma í gegnum hann neðan frá. Þetta fer illa með bæði bak og mjaðmir og er mjög slæmt fyrir þá sem sitja lengi undir stýri,“ segir Hafsteinn Sigurbjarnarson, bólstrari hjá Formbólstrun í Kópavogi, en hann hefur endurgert bílsæti í yfir þrjátíu ár.

Hann segir góða bólstrun á stólum skipta miklu máli fyrir heilsu fólks almennt.

„Fólk áttar sig ekki á því hvað þetta er mikilvægt en fyrir nútímafólk eru góð rúmdýna, gott bílsæti og góður skrifstofustóll afar mikilvægir hlutir. Ég geri einnig upp skrifstofustóla og nú til dags eru fyrirtæki að kaupa ódýrari vörur en áður. Stólarnir koma því í viðgerð og viðhald eftir örfá ár. Hér áður voru stólarnir það vandaðir að þeir komu í viðgerð jafnvel

eftir tuttugu ára notkun.“ Hafsteinn hefur í nægu að snúast á verkstæðinu. Hann segir fólk leita til bólstrara með alls kyns verkefni og að það hafi aukist að fólk láti bólstra húsgögn í stað þess að kaupa ný.

„Það er mikið um það núna að fólk láti gera upp vönduð húsgögn sem hafa kostað sitt. Ég var til dæmis að ljúka við gamalt og fallett hörpudiskssófasett en slíkir stólar sjást ekki oft í dag,“ segir Hafsteinn. Hann vill þó ekki meina að húsgögn sem framleidd eru í dag séu eintómt „drasl“. Taka verði mið af því til hvers eigi að nota húsgögnin.

„Gæðin liggja auðvitað í verðinu, en það er allt í lagi að kaupa ódýr húsgögn. Spurningin er bara hvernig á að nota þau. Ef fólk kaupir ódýran sófa sem eina húsgagnin í stofunni og notar hann sem sjónvarpssófa, stofusófa og borðar jafnvel í honum og sefur, þá er ekkert skritið að hann gefi sig fljótt.“

GÓÐ BÍLSÆTI MIKILVÆG Hafsteinn hefur endurgert bílsæti í yfir þrjátíu ár. Á vefsíðu hans www.hsbolstrun.is er meðal annars að finna myndbönd sem sýna handtökin við bólstrun á bílsætum og húsgögnum. MYND/VILHELM

LÁG KOLVETNA

HOT PLATE 1.790 kr
8.6g net carb

Culiacan
Suburlandsbraut 4a
533 1033 www.culiacan.is
Culiacan HollurogGóður

Hinar geysivinsælu Lindon buxur komnar aftur

Nýjir litir
Tvær síddir

Verð 9.980

Vertu vinur okkar á Facebook

hjá Grafhildi

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16

FYRIRLESTRAR UM UNDIRBÚNING GÖNGUFERÐA

Slysavarnafélagið Landsbjörg stendur fyrir fræðslu um undirbúning gönguferða, ásamt Safetravel.

Í tilefni af þemaviku Safetravel um gönguferðir stendur Slysavarnafélagið Landsbjörg, ásamt Safetravel, fyrir fræðslu um undirbúning gönguferða. Haldin verða námskeið sem opin eru almenningi, bæði í Reykjavík og á Akureyri.

Fyrri fyrirlesturinn verður haldinn í kvöld í húsnæði Hjálparveita skáta í Reykjavík, á Malarhöfða 6, en á morgun býðst Akureyringum að sækja sama námskeið í húsnæði Súlna, Hjaltreyrargötu 12. Báðir fyrirlesturarnir hefjast kl. 20.

Farið verður yfir helstu atriði varðandi undirbúning og framkvæmd gönguferða, styttri og lengri. Ferðaáætlanir verða teknar fyrir sem og leiðarval, búnaður og annað sem þarf til að undirbúa örugga og ánægjulega gönguferð.

Auk fyrirlestranna tveggja stendur fyrirtækjum til boða svokallaður örfyrirlestur þar sem farið verður hratt yfir helstu atriðin sem hafa þarf í huga við undirbúning gönguferða. Um er að ræða 20 mínútna erindi auk spurninga í lokin.



ÖRYGGI Í FYRIRRÚMI Að mörgu þarf að huga þegar kemur að undirbúningi gönguferða.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512 5432
Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is, s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



MIÐVIKUDAGUR 5 JÚNÍ 2013
4. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2



HEIMUR PLANTNA
David Attenborough hefur fengið heimili á Stöð 2.



REVOLUTION
Síðari hluti þáttaraðarinnar verður sýndur á fimmtudagskvöldum í sumar.



LÆRKEVEJ OG RITA
Bubbi Morthens er hrifinn af svörtum kómedíum Dana.

Á HÆLUM FJÖLDA-MORÐINGJA

ÞRIÐJA ÞÁTTARÖÐIN AF
THE KILLING HEFST Á SUNNUÐAG

FRÁBÆR TILBOÐ
Í STÖÐ 2 VILD



ATTENBOROUGH

HEFUR FENGIÐ HEIMILI Á STÖÐ 2

Stöð 2 sýnir nýjan og áhugaverðan þátt úr smiðju Davids Attenborough í júní. Stöð 2 hefur tryggt sér sýningarréttinn á tveimur þáttaröðum frá sjónvarpsmanninum góðkunna og verður síðari þáttaröðin sýnd í haust.

KINGDOM OF PLANTS
hefst 17. júní kl. 22.15

Nú geta áskrifendur Stöðvar 2 fagnað því tvær nýjar þáttaraðir frá David Attenborough verða sýndar á Stöð 2 í júní og í haust. Þættirnir heita Kingdom of Plants og Galapagos og hefst fyrri þáttaröðin mánudaginn 17. júní.

David Attenborough var í eitt ár ásamt aðstoðarmönnum sínum að taka upp þáttaröðina Kingdom of Plants. Þar sýnir hann alveg nýja

vídd í lífi plantna, allt frá furðulegum plöntum til þeirra fallegustu. Notuð eru myndbrot og ný upptökutækni til að sýna þróun plantna hér á jörðu til dagsins í dag. Um leið sýnir hann áhorfendum fram á að plöntur eru í mörgum tilfellum jafn fjölbreytilegar og árásargjarnar og dýrin. Þættirnir eru teknir upp í Konunglega grasagarðinum í Kew, sem staðsettur er í suðvesturhluta Lundúna í Englandi. Konunglegi grasagarðurinn er safn grasagarða og gróðurhúsa og þar má finna um 90% af öllum

plöntutegundum heims.

Seinni þáttaröðin ber nafnið Galapagos og þar heimsækir David Attenborough, eins og nafnið gefur til kynna, Galapagos-eyjaklasann í Austur-Kyrrahafi. Eyjarnar eru engum líkar hér á jörðu og þar hafa lífverur fengið að þróast að mestu óáreittar í einangrun frá heiminum. Charles Darwin setti á fót rannsóknarstöð á eyjunni Santa Cruz, sem er næststærsta eyjan í klasanum, fyrir um tvö hundruð árum og mótaði þar byltingarkenndar kenningar sínar um

uppruna og framþróun dýrategunda.

Þjóðgarðurinn Galapagos var stofnaður árið 1959 og árið 1978 setti UNESCO eyjarnar á heimslista náttúruminja. Árið 1986 var svo hafsvæðið kringum eyjarnar innlimað í þjóðgarðinn. Galapagos-eyjaklasinn er reglulegur viðkomustaður vísindamanna og mun David Attenborough sýna áskrifendum Stöðvar 2 nýja og stórkostlega mynd af þessum góðsagnakennda eyjaklasa.

Báðar þáttaraðirnar eru fjórir þættir og er hver þáttur klukkutími.

GAME OF THRONES
Lokaþáttur - mánudag kl. 21:55

FJÓRÐA ÞÁTTARÖÐIN TEKIN UPP Í SUMAR

Æsispennandi lokaþáttur þriðju þáttaraðar af Game of Thrones verður sýndur á Stöð 2 á mánudaginn kemur, aðeins tæpum sólarhring eftir frumsýningu í Bandaríkjunum.

Spennan magnast í þessum ævintýrlegu þáttum, sem unnið hafa hug og hjörtu áhorfenda um heim allan.

Ekki skemmir svo fyrir aðkoma Íslands í þáttunum, en hluti af þriðju þáttaröðinni var tekinn hér á landi.

Þegar hefur verið ákveðið að halda áfram að gera þessum mögnuðu sögum George R. R. Martin skil á sjónvarpssjónum því fjórða þáttaröðin er í bígerð. Staðfest hefur verið að einhverjar tölur fari fram hér á landi fyrir fjórðu þáttaröðina, sem tekin verður upp nú í sumar.

Fjórða þáttaröðin af Game of Thrones verður svo sýnd á Stöð 2 næsta vetur.



UPPÁHALDSPÁTTURINN Á STÖÐ 2

FYLGIST SPENNTUR MEÐ LÆRKEVEJ

LÆRKEVEJ
Miðvikudaga kl. 21:35

Tónlistamaðurinn Bubbi Morthens er yfir sig hrifinn af dönskum sjónvarpsþáttum.

„Ég hafði mjög gaman af kennslukonunni Ritu og bið þess spennur að hún komi aftur á skjáinn í haust en þættirnir eru að mínu mati frábær samfélagsspeglar. Á meðan fylgist ég með Lærkevej og finnst sú þáttaröð ekki síðri. Dönum tekst að mínu mati að búa til góða spennuþætti með húnörisku ívafi. Þeir státa af úrvals svörtum kómedíum,“ segir Bubbi.

Hann bíður þó líka eftir Boardwalk Empire en þættirnir snúa aftur á Stöð 2 í september. „Þættirnir eru með því albesta sem ég hef séð í sjónvarpi.“ segir Bubbi. „Svo er ég hrikalega ánægður með matreiðsluþáttaröðina Hið blómlega bú sem hóf göngu sína um miðjan síðasta mánuð. Þetta er dásamleg þáttaröð; sympatísk og laus við allan rembing og stæla.“



HEIMUR ÁN RAFMAGNS

REVOLUTION
Fimmtudaga kl. 20.30

Seinni hluti fyrstu seríu Revolution verður sýndur á Stöð 2 á fimmtudögum í sumar. Þættirnir fjalla um heim sem missir skyndilega allt rafmagn og íbúarnir þurfa að læra að komast af án þess. Fimmtán árum eftir að rafmagnsleysið skellur á grillir í von um að hægt sé að koma straumi á aftur. Eftir miklu er að slægjast og því hefst hörð baráttu um yfirráð yfir orkulind framtíðar og völdum í heiminum.

Aðalpersónur eru Charlie Matheson og frændi hennar, Miles Matheson. Þau

þurfa að berjast við fyrrverandi vin Miles, Sebastian Monroe, sem er nú valdasjúkur og veruleikafirrtur einræðisherra.

Tracy Spiridakos leikur Charlie sem heitir í raun Charlotte. Charlie er strákastelpa en eftir að móðir hennar hverfur úr lífi fjölskyldunnar tekur hún að sér að passa upp á yngri bróður sinn. Hún er góðhjörtoð en líkist sífellt meira föðurbróður sínum sem telur tilganginn helga meðalið og svífst einskis, jafnvel að drepa ef það hentar honum.

Spiridakos er grísk-kanadísk leikkona. Þessi 25 ára leikkona hefur komið fram í fjölda smáhlutverka í sjónvarpsþáttum. Þar má nefna Supernatural, Bionic Woman, The L Word, Hellcats og Psych. Þá var hún í litlu hlutverki í Rise of the Planet of the Apes.



FRÉTTIR STÖÐVAR 2
KL. 18.30 ALLA DAGA

HEIMIR HLEYPUR Í SKARÐIÐ



Skyrtan í kuðli og bindið skakkt.



Sléttur og strokinn.

Fréttir Stöðvar 2 hefjast eins og flestir vita klukkan 18.30. Lesari kvöldsins þarf að klæða sig upp, fara í smink og hárgreiðslu og renna yfir textann. Yfirleitt er vant fólk að störfum og förðunar- og hárgreiðslufólk fljótt að athafna sig. Engu að síður þarf þó nokkrar mínútur til verksins. Laugardaginn 12. febrúar 2011 átti Logi Bergmann Eiddsson að lesa en það hafði eitthvað skolast til í dagbókum hans og klukkan 18.25 var hann ekki mættur.

„Logi mætir nú yfirleitt ekki sérlega snemma til lestrar svo við höfðum ekki miklar áhyggjur framan af. Þegar það voru fimm, sex mínútur í útsendingu var okkur hins vegar hætt að listast á blikuna og var ákveðið að ég myndi hlaupa í skarðið,“ segir Heimir Már Pétursson, sem stýrði vaktinni á fréttastofunni þennan dag. Hann var hins vegar hvorki með skyrtu né bindi meðferðis og byrjaði á því að rífa Jónas Margeir Ingólfsson, sem þá starfaði sem fréttamaður á stöðinni, úr skyrtunni. „Hún var allt of lítil og því var brugðið á það ráð að hlaupa yfir á Bylgju þar

sem Logi er með skrifstofu og finna skyrtu og bindi af honum,“ lýsir Heimir. Hann hljóp svo inn í sett með skyrtuna flaksandi og var fréttamaðurinn Andri Ólafsson enn að festa á hann bindið þegar tíu sekúndna niðurtalning hófst.


Heyra má andstuttan Heimi lesa helstið í upphafi og þegar hann svo kemur í mynd er bindið skakkt og hárið í óreiðu. Eftir því sem líður á fréttatím-ann skánar útgangurinn enda var klárað að sminka hann, bindið lagað og hárið greitt á milli fréttu. „Í þriðju frétt var ég loks farinn að líta út eins og maður,“ segir Heimir og hlær að uppákomunni þótt honum hafi eflaust ekki verið skemmt rétt á meðan á henni stóð. Logi Bergmann sést hins vegar í mestu makindum með kaffibolla í baksýn en hann hafði mætt tvær mínútur í hálf. „Honum til varnar þá hélt hann að hann væri á frívakt og var heima með börnin sín. Hann þurfti því að finna pössum fyrir þau áður en hann rauk af stað upp á fréttastofu eftir að hringt var til hans.“

ÓMISSANDI Í VIKUNNI



Dallas
Miðvikudag
Kl. 20.50

Grillað með Jóa Fel
Fimmtudag
Kl. 20.00




The Simpsons
Föstudag
Kl. 19.15

Latibær
Laugardag
Kl. 17.55



Tossarnir
Sunnudag
19.25

**Game of Thrones –
Iokapáttur**
Mánudag
Kl. 21.55



The Big Bang Theory
Þriðjudag
Kl. 20.00

ÞRJÁR SPURNINGAR

til fótboltaspekinganna í Pepsi-
mörkunum á Stöð 2 Sport

- 1 Hvernig ræktarðu kroppinn?
- 2 Hvernig ætlarðu að sinna sjálfum þér í sumar?
- 3 Hvernig ræktarðu sálar-tetrið?



HJÖRVAR HAFLÍÐASON

- 1 Ég er afar duglegur í ræktinni og lyfti fimm sinnum í viku en þar sem fótboltinn eyðilagði á mér hnén neyðist ég til að gera þolæfingar á stig- eða skíðavél-inni á eftir.
- 2 Í sumar stendur til að fá sér almennilegt hjól og hjóla sem mest. Ég er líka mikill göngu-
hrólfur og á hverju sumri reyni ég að taka eina krefjandi göngu sem í ár verður líklega yfir Fimm-
vörðuháls. Þá mæti ég áfram í ræktina svo ég geti leyft mér grillsósumnar og bjórinna í sumar.
- 3 Ég er nú glaðsinna að eðlis-
fari en ef ég verð pirraður næ þá er í Sly Stallone-safnið mitt eða horfi á Arnold Schwarzenegger-
myndir og læt þá félagi berja úr mér pírtinginn.



REYNIR LEÓSSON

- 1 Ég hef lítið hreyft mig síðan ég lagði skóna á hilluna síðasta sumar en spila þó körfubolta einu sinni í viku með góðum vinum. Stefnan er svo sett á að taka golfið föstum tókum í sumar.
- 2 Ég ætla að ferðast um landið eins mikið og ég get þar sem ég þarf ekki að mæta á æfingar alla daga í fyrsta skipti síðan ég man eftir mér. Ég ætla líka að taka fyrstu skrefin í stangveiði og spila svoltið af golfholum. Svo verð ég duglegur að fara á völinn, bæði í Pepsi-deildinni og til að horfa á drengina mína spila með Fylki.
- 3 Besta leiðin til þess er að eiga góðar stundir með fjölskyldunni og góðum vinum. Það heldur manni kátum.

FJÖLDAMORÐINGI GENGUR LAUS

THE KILLING
Sunnudaga kl. 21:35

Þriðja þáttaröðin af The Killing hefst á Stöð 2 þann 9. júní og verða sýndir strax í kjölfar frumsýningar í Bandaríkjunum. Þættirnir byggja á dönsku verðlaunabáttunum Forbrydelsen. Ólíkt fyrri tveimur þáttaröðunum byggir morðmálið að þessu sinni ekki á máli úr dönsku þáttunum. Í þetta sinn þarf lögreglan að rannsaka erfitt mál. Brjálaður fjöldamorðingur, sem hefur þegar sautján mannlíf á samviskunni, gengur laus og virðist hvergi hættur.

Rúmt ár er liðið frá því að rannsókninni á morðinu á Rosie Larsen lauk og Sarah Linden starfar ekki lengur innan lögreglunnar. Hinnar gamla félagi, Stephen Holder, er með til rannsóknar mál stúlku sem strokið hefur að heiman. Fljótlega kemst hann á slóð fjöldamorðingjans og kemst að því að málið tengist eldra máli sem Linden hafði eitt sinn til rannsóknar. Linden neyðist því til að snúa aftur til starfa og kafa ofan í málið, sem og fortíðina.

Sænskur sjarmör

Joel Kinnaman leikur lögreglumanninn og óvirka fíkilinn Stephen Holder. Holder er breyttur maður í þriðju seríu. Hann er sjálfsöryggari, metnaðargjarnari og betur klæddur en í fyrri þáttaröðunum. Hann stundar nám til

að gerast aðstoðarvarðstjóri og á aðstoðarsaksóknara fyrir kærustu. Þegar Sarah Linden kemur aftur inn í líf hans breytist margt og hann þarf að ákveða hvernig lögreglumaður hann vill vera.

Joel Kinnaman er fæddur og uppalinn í Stokkhólmi. Móðir hans er sænsk en faðir bandarískur. Hann er því með tvöfaldan ríkisborgararétt. Kinnaman byrjaði tíu ára að leika í sænskri sápuóperu. Á unglingsaldri leiddist hann út í slæman félagsskap. Hann var því nokkuð vel búinn undir hlutverk sitt sem Stephen Holder en sá ólst upp í slæmu hverfi og kynntist hörðum heimi eiturlyfjanna.


Kinnaman er hvað þekktastur fyrir leik sinn í myndaseríunni Snabba Cash. Hann hefur einnig leikið í nokkrum myndum seríunnar Johan Falk og fengið tilnefningu til Guldbagge-verðlaunanna fyrir leik í aukahlutverki. Á næsta ári birtist hann áhorfendum í hlutverki Alex James Murphy í endurgerð á hinni klassísku Robocop frá árinu 1987.

Kinnaman er vel tengdur inn í sænska leiklistarheiminn. Systir hans er Melinda Kinnaman sem nýtur talsverðra vinsælda í heimalandinu. Þá er hann góðvinur Noomi Rapace og Gustav Skarsgård, sem er bróðir Alexanders Skarsgård úr True Blood.

MARGSLUNGIN PERSÓNA

Bandaríska leikkonan Mireille Enos leikur rannsóknarlögreglukonuna Söruh Linden, sem á erfitt með að aðskilja hræðilegan veruleika vinnunnar og persónulegt líf sitt. Sarah Linden er þungur og flókinn persónuleiki sem Enos skilar afar vel til áhorfenda. Í þriðju þáttaröðinni sem nú hefur göngu sína hefur Linden sagt skilið við sitt fyrra líf en dregst á ný inn í þann heim þegar gamalt morðmál dúkkar upp í nýrri rannsókn á fjöldamorðingja. Mireille Enos hóf feril sinn á sviði og var tilnefnd til Tony-verðlauna árið 2005 fyrir leik sinn í sýningunni Who's

Afraid of Virginia Woolf sem sett var upp á Broadway. Hún vakti síðan athygli í þáttunum Big Love þar sem hún lék tvíbúrasysturnar Kathy og Jodeen Marquart. Hlutverk Söruh Linden er hennar fyrsta aðalhlutverk og fyrir leik sinn í fyrstu seríu hlaut hún tilnefningu til Emmy-verðlaunanna. Enos hefur einnig sést á stóra tjaldinu. Hún hefur leikið eiginkonu Josh Brolin í Gangster Squad og mun birtast áhorfendum í myndinni World War Z í sumar en þar leikur hún eiginkonu Brad Pitt. Þá leikur hún um þessar mundir í mynd með Arnold Schwarzenegger.





NOTALEGAR BAÐSTOFUSTUNDIR FYRIR VILDARÁSKRIFENDUR

Nú býðst áskrifendum Stöðvar 2 að eiga notalegar stundir í baðstofu og heilsurækt World Class á sérstökum vildarkjörum.

Áskrifendur geta keypt þriggja mánaða Baðstofu- og heilsuræktarkort á 40% afslætti eða fengið 50% afslátt af stökum tíma og stökum baðstofutíma. World Class býður upp á 5 stjörnu heilsulind þar sem slökunar- og lækningarmáttur vatnsins er í hávegum hafður.

Láttu nú dekra við þig, þú átt það skilið.

Kynntu þér þetta og fleiri spennandi Vildartilboð nánar inni á www.stod2.is.

Stöð 2 Vild – er snillið.



Grilluð pítsa
Í fjórar 10 tommu pítsur

Innihald
Pítsudeig
500 grömm brauðhveiti
325 millilítrar volgt vatn
2 teskeiðar salt
½ teskeið þurrger

Álegg
300 grömm mozzarella
Salt
Álegg eftir smekk, þunnskorin.

Sterk hvítlauksolía
100 millilítrar jómfrúarolía
4 hvítlauksgeirar, maukaðir
½ teskeið þurrkaðar rauðar chilliparflögur

NOKKRAR STAÐREYNDIR

- Þættirnir eru kvikmynd- aðir í Vancouver.
- Þáttaröðin The Killing er byggð á dönsku þáttaröðinni Forbryðelsen.
- Persóna Söruh Linden heitir Sarah Lund í dönsku þáttunum.
- Leikkonan Sofie Gråbøl, sem leikur Söruh Lund, klæddist sérstakri lopapeysu í fyrstu þáttaröðinni. Sú peysa var hönnuð af færeyska tískumerkinu Guðrun & Guðrun og tóku ófáir Íslendingar upp þjónana og gerðu sér eina slíka.
- Gråbøl kom sjálf fram í litlu hlutverki í bandarískri útgáfu þáttanna.
- Leikkonan Mireille Enos klæðist nokkrum þjóna-

- peysum í bandarísku þáttunum. Hún segist hafa orðið afar leið á þeim enda þurfti hún að klæðast sómu peysunni í marga þætti í röð.
- Skrifaðar hafa verið bækur upp úr þáttunum. Höfundur þeirra heitir David Hewson en bækurnar heita The Killing: Book One og The Killing: Book Two.
- Í júlí 2012 var tekin ákvörðun um að ekki yrðu gerðar fleiri þáttaröðir af bandarísku útgáfu The Killing. Í ágúst var þeirri ákvörðun hnekkkt og þriðja serían sett á dagskrá.
- Leikkonan Mireille Enos er með svarta beltið í karate.

HIÐ BLÓMLEGA BÚ FÆR GÓÐAR VIÐTÖKUR

HIÐ BLÓMLEGA BÚ
KI. 20.05 miðvikudaga

Stórborgarkokkurinn sem flutti frá iðandi mannlífi New York-borgar í sveitasæluna í Borgarfirðinum hefur vakið mikla athygli í þáttunum Hið blómlega bú. Árni Ólafur Jónsson fer á kostum þar sem hann tekst á við sveitastörfin í Árdal og matreiðir úr dýrindis hráefni úr eigin ræktun og frá bændunum í kring.

Þátturinn hefur fengið mjög góðar viðtökur. Árni Ólafur var inntur eftir því hvernig viðbrögð hann væri sjálfur að fá. „Fjölskyldan og vinir mínir eru auðvitað öll mjög sátt við þetta allt saman. Svo hef ég líka fengið skilaboð frá fólki úti í bæ þar sem það lýsir ánægju sinni með þáttinn og efnistökin. Ég er því mjög ánægður með viðtökurnar.“ En hefur þessi reynsla haft áhrif á hvernig þú eldar og umgengst hráefni í dag?

„Núna þegar ég hef kynnst því hversu mikil vinna er að baki því að ala skepn-

ur og rækta grænmeti ber ég mun meiri virðingu fyrir hráefninu sem ég vinn með og reyni að láta sem allra minnst fara til spillis.“

Í kvöld fer Árni á sumarhátíð Kaupfélagsins, þar sem hann tekur þátt í bændaþrjúpraut og öðrum skemmtilegheitum með sveitungum sínum og eldar rétti úr garðinum. Meðal þess sem hann tekur sér fyrir hendur er að grilla pítsur. Uppskriftirnar að réttum Árna má finna á vefsíðunni www.hidblomlegabu.is. Hér að neðan má finna hráefnið í pítsurnar en aðferðina má nálgast á heimasíðunni.

Hið blómlega bú er á dagskrá klukkan 20.05 á miðvikudögum og endursýndur klukkan 17.10 á sunnudögum.



MYNDIR HELGARINNAR



MARGIN CALL Kl. 20:25 laugardag

Kevin Spacey, Jeremy Irons, Stanley Tucci og Demi Moore fara með aðalhlutverkin í þessari mögnðu mynd sem gerist á einum sólarhring þegar bankahrunið er að verða að veruleika. Myndin var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir besta kvikmyndahandritið.

BAD TEACHER Kl. 22.10 laugardag

Cameron Diaz er hér í hlutverki konu sem þarf að fara út á vinnumarkaðinn og standa á eigin fótum eftir sambandslit. Hún fær vinnu sem kennari en reynist í fyrstu ekki hafa neitt einasta erindi í það starf, svo vægt sé til orða tekið. Þeir Jason Segel og Justin Timberlake fara einnig með hlutverk í myndinni.




10 BÍÓ Á STÖÐ 2 BÍÓ

BÍÓ TOPPMYNDIR Kl. 22.00 alla daga

Miðvikudagur The Beach

Frábær mynd frá þríeykinu sem stóð að Trainspotting. Richard hefur fengið nóg af yfirborðslegri fjöldamenn-ingunni og leitar því á nýjar slóðir. Honum áskotnast kort af paradísar-eyju og hann fær tvo ferðalangla til að koma með sér til þangað. Eyjan stendur undir væntingum í fyrstu, en brátt breytist fagur draumur í hreina martröð.



Laugardagur The Education of Charlie Banks

Dramatísk mynd með Jesse Eisenberg um mann sem þarf að horfast í augu við fortíðina þegar drengur sem gerði honum lífið leitt í grunnskóla hefur nám í sama framhaldsskóla og hann.




Sunnudagur Robin Hood (Hrói höttur)

Hörkuspennandi ævintýra-mynd með Óskarsverðlauna-höfunum Russell Crowe og Cate Blanchett. Bærinn Nottingham er niðurnyddur af harðræði og spillingu fógetans og Hrói höttur safnar því saman hópi manna sem aðstoðar hann við að ræna yfirstéttina til þess eins að deila auðnum meðal þeirra þurfandi.


Mánudagur The Lincoln Lawyer

Stórgóð saka-málamynd með Matthew McConaughey í hlutverki lögfræðings sem fer ótroðnar slóðir þegar kemur að því að verja skjól-stæðinga sína.



Þriðjudagur Another Earth

Áhrifamikil mynd um líf nema og tónskálds sem hittast við dramatískar aðstæður eftir að ein orlagarík nótt breytti lífi þeirra að eilífu.



Fimmtudagur Sherlock Holmes: A Game of Shadows

Hörkuspennandi og stórgóð mynd með Robert Downey Jr., Rachel McAdams, Noomi Rapace og Jude Law í aðalhlutverkum. Baráttan við glæpakónginn og prófessorinn Moriarty berst um Evrópu í æsispennandi eltingaleik.



Föstudagur The Big Year

Bráðfyndin gamanmynd um tvo fuglaskoðara sem freista þess að verða á undan annálúðum hrokagikk í faginu að koma auga á sjaldgæfa fuglategund. Með aðalhlutverk fara grínsmillingarnir Steve Martin, Owen Wilson og Jack Black.



Stöð 2 Bíó fylgir frítt með áskrift að Stöð 2



SPURNINGAR UM STÓRLIÐIN

SPORT² MANSTU Kl. 20.00 föstudaga

Stóru liðunum í enska boltanum er gert hátt undir höfði í sérstökum þemavikum á Stöð 2 Sport 2 í sumar. Í þessari viku er það Manchester United sem er í kastljósinu og í næstu viku er það Liverpool. Spurningabátturinn Manstu er hluti af nýrri dagskrárgerð tengdri þemavikumum og verður fyrsti þáttur á dagskrá á föstudaginn kemur kl. 20.00. Guðmundur Benediktsson stjórnar þættinum með öruggri hendi en þar reynir á þekkingu sérfróðra um lið vikunnar. Manstu er alvöru spurningabáttur á laf-léttum nótum sem gallharðir stuðningsmenn enska boltans ættu ekki að láta fram hjá sér fara.

ÚRSLITAVIÐUREIGN NBA AÐ HEFJAST

SPORT

Úrslitakeppni NBA deildarinnar hefst á morgun fimmtudag þegar tvö bestu liða deildarinnar, San Antonio Spurs og Miami Heat, mætast á heimavelli Miami í Flórída. Lið Miami vann austur-deildina nokkuð sannfærandi en lenti í miklum erfiðleikum með geysisterkt og skemmtilegt lið Indiana Pacers í úrslitum austur-deildarinnar. San Antonio enduðu hins vegar í öðru sæti vestur-deildarinnar á eftir Oklahoma City Thunder og unnu lið Memphis Grizzlies 4-0 í úrslitum vestur-deildarinnar þar sem framlengja þurfti tvo leiki í seríunni.

Lið San Antonio Spurs hefur keyrt á sama kjarnanum í mörg ár. Liðið varð síðast meistari árið 2007 og spiluðu þá, eins og nú, Tim Duncan, Tony Parker og Manu Ginobili lykahlutverk í liðinu ásamt þjálfara þess, Gregg Popovich. Hinn 37 ára gamli Duncan hefur átt ótrúlegt tímabil í vetur og saman mynda þeir þrír sterkan kjarna.

Líklegra er þetta síðasti möguleiki þeirra fjögurra til að vinna titil saman. Leikmannahópur liðsins telur leikmenn af sjö þjóðernum en níu leikmenn liðsins hafa annað ríkisfang en bandarískt.

Lið Miami lenti í miklum hrakningum á leið sinni í úrslitin. Liðið vann Indiana Pacers aðfaranótt



San Antonio Spurs og Miami Heat mætast á heimavelli Miami í Flórída á morgun.


Þriðjudags en oddaleik þurfti til að klára seríuna. Lykilmenn Miami, fyrir utan LeBron James, hafa margir hverjir spilað illa í úrslitakeppninni og þá sérstaklega gegn Indiana. Munar þar mest um þá Dwyane Wade og Chris Bosh sem báðir hafa glímt við meiðsli og spiluðu oft illa í einvígum liðanna.

Bæði liðin hafa reynslumikla leikmenn í röðum sínum og er meðalaldur lykilmanna beggja liða um þrítugt. Mikil mun mæða á verðmætasta leikmanni deildarinnar, LeBron James, sem oft

á tíðum hefur borið lið Miami á herðum sér í undanförunum leikjum. Vakni samherjar hans til lífsins mega áhorfendur þó eiga von á svakalegri úrslitakeppni.

Fyrstu tveir leikir úrslitakeppninnar fara fram í Miami en þeir þrír næstu, ef þarf, verða á heimavelli San Antonio Spurs í Texas. Vinnur San Antonio Spurs fimmta titilinn á fjórtán árum eða vinnur Miami annað árið í röð?

Svali Björgvinsson og Baldur Beck munu lýsa leikjum úrslitakeppninnar á Stöð 2 Sport.



WorldClass
ICELAND

WORLD CLASS

50% afsláttur af stökum tímum í baðstofu.
40% afsláttur af þriggja mánaða korti í baðstofu og heilsurækt.

50%
AFSLÁTTUR



Byrjaðu strax að spara. Skráðu kortin ykkar
núna á www.stod2.is/vild

er snilld

NÚ ENN MEIRA FYRIR ÁSKRIFENDUR

STÖÐ 2 VILD - HEIMSKLASSA ENDURNÆRANDI SNILLD

Það eina sem þarf að gera er að skrá kreditkort heimilisins á stod2.is

Skemmtigarðurinn
SMÁRALIND

50%
AFSLÁTTUR

SKEMMTI- GARÐURINN

50% afsláttur af fjölskyldukortum Skemmtigarðsins.
Þú borgar 3.000 kr. en færð 6.000 kr. inneign.



Þú færð sjálfkrafa afslátt hjá fjölda samstarfsaðila.



40%

afsláttur af
bilapvotti að utan



12%

afsláttur ef verslað
er fyrir 2.000 kr. eða meira



MICHELSEN

15%

afsláttur af vörum á bilinu
10.000 kr. – 400.000 kr.



Kynntu þér
tilboðin á
stod2.is/vild

Sækja þarf um Olís
greiðslulýkil til að fá afslátt



10%

afsláttur ef verslað
er fyrir 2.000 kr.
eða meira



20%

afsláttur af
fatahreinsun



25%

afsláttur ef verslað
er fyrir 2.000 kr. eða meira

Panasonic



ALLT SEM ÞÚ ELSKAR Á EINUM STAÐ



NÝTT SMART VIERA MEÐ PERSÓNULEGUM HEIMASKJÁ. SMART TV SJÓNVARP GERT EINFALT.

Með nýja Smart VIERA sjónvarpinu opnar þú á einum stað allt það besta sem sjónvarp og netið hafa uppá að bjóða, og gerir þér kleift að setja upp þinn eigin heimaskjá, uppsettan með þínum uppáhalds öppum, valmöguleikum og þjónustu.

Vitræn og notendavæn hönnun gerir þér kleift að stjórna Smart VIERA sjónvarpinu með einföldum raddskipunum og fisléttum Swipe & Share skipunum með snjallsíma eða spjaldtölvu.



Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

SMARTVIERA

SKEMMTILEGT MIÐVIKUDAGSKVÖLD

Með áskrift að Stöð 2 fylgja:



20:00

HIÐ BLÓMLEGA BÚ

Glæsileg íslensk þáttaröð sem fjallar um kokkinn Árna Ólaf Jónsson sem lét draum sinn rætast um líf í íslenski sveitasælu.



20:50

DALLAS

Ein vinsælasta þáttaröð íslenskrar sjónvarpsögu heldur áfram og átökin innan Ewing-fjölskyldunnar ná nýjum hæðum.



21:35

LÆRKEVEJ

Frábær dönsk þáttaröð með skemmtilegri blöndu af gamni og alvöru. Allir íbúar við Lærkevej hafa eitthvað að fela.



7:00-20:00

krakkar BARNAEFNI ALLA DAGA

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Stöð 2 Krakkar.



20:10

BÍÓ DEAR JOHN

Rómantísk og áhrifamikil mynd með Channing Tatum og Amanda Seyfried í aðalhlutverkum.

Fáðu þér áskrift
512 5100
stod2.is



SUDOKU

LÉTT					MIDLUNGS					PUNG								
			6	7			6	7	8	3		7	4		3	2		
7	9			1	2	6		1		7	2		1	3		4	6	
		6		3		8		4	5	2								
	3	2	1				8		6		9				7	8	4	
6	4			9	6	1				3			8	9		2	6	
9	1		2	3				2	1	4		7				5		
2	5			8	3			7		4				2		9		
		1	4		6				2	8		4		6		1	2	5
8			9			3	6		5				9			5	6	7

3	5	1	2	9	6	4	8	7
7	4	2	8	1	3	5	9	6
6	8	9	4	5	7	1	2	3
4	1	6	3	8	2	9	7	5
2	7	3	5	4	9	6	1	8
8	9	5	6	7	1	3	4	2
5	3	8	1	2	4	7	6	9
9	2	4	7	6	5	8	3	1
1	6	7	9	3	8	2	5	4
4	3	7	8	5	9	2	6	1
5	6	9	2	1	7	8	3	4
6	5	1	4	7	2	9	8	3
7	8	2	9	6	3	4	1	5
9	4	3	1	8	5	6	2	7
8	7	6	5	9	1	3	4	2
2	1	4	7	3	8	5	9	6
3	9	5	6	2	4	1	7	8
4	2	8	5	7	1	6	9	3
7	5	6	3	9	2	4	8	1
9	3	1	8	6	4	5	2	7
5	8	9	4	1	6	7	3	2
1	7	4	2	3	9	8	5	6
2	6	3	7	5	8	9	1	4
6	4	5	9	2	3	1	7	8
3	1	7	6	8	5	2	4	9
8	9	2	1	4	7	3	6	5

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS




Eftir Frode Øverli

HANDAN VIÐ HORNID



Eftir Tony Lopes

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

Öll óregla og ógæfa bæði manna og þjóða er komin af því að menn hafa ekki gætt nema að sjálfum sér, og einmitt með því gætt allra síst að sjálfum sér.

Kareem Abdul Jabbar

1			2	3	4	5
6	7			8		
9			10		11	
12				13		
	14					15
16				17		
18		19			20	
21						

KROSSGÁTA

LÁRÉTT
2. flát, 6. í röð, 8. saur, 9. háttur, 11. átt, 12. bragsmiður, 14. taka ófrjálsri hendi, 16. sjó, 17. gaul, 18. munda, 20. tvíhljóði, 21. steypuefni.

LÓÐRÉTT
1. elds, 3. ólæti, 4. fugl, 5. svelgur, 7. aftursæti, 10. varkárni, 13. hluti kynfæra, 15. síll, 16. dæling, 19. frá.

LAUSN
LÓÐRÉTT: 1. báls, 3. at, 4. sandíða, 5. íða, 7. baksaeti, 10. gát, 13. leg, 15. gól, 18. óta, 20. au, 21. grfs.
LÁRÉTT: 2. vasi, 6. áb, 8. tað, 9. lag, 11. na, 12. skáld, 14. stela, 16. sæ, 17. gól, 18. óta, 20. au, 21. grfs.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Björn Porfinnsson og Hjörvar Steinn Grétarsson tefldu afar æsilega skák í fimmtu umferð Opna Íslandsmótsins í skák. Björn lék síðast 37. Dc2-b3?



Svartur á leik Hjörvar lék 37... Dd6 og tapaði eftir harða baráttu. 37...Dc1+! hefði hins vegar tryggt skemmtilegan sigur eftir 38. Ke2 Hxc4! 39. Dxc4 Rd4+! 40. Kd3 Df1+ því hvíta drottningin fellur bótalítið. www.skak.is Sjöunda umferð hefst í dag kl. 17 í Turninum, Borgartúni (20. hæð).



Sverrir Kristinsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali

Guðmundur Sigurjónsson, lögfræðingur, lögg. fasteignasali

Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali

Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali

Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali

Hilmar Þór Hafsteinnsson, lögg. leigumiðlari, lögg. fasteignasali

Magnús Geir Pálsson, sölumaður

Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali

Gunnar Helgi Einarsson, lögg. fasteignasali

Reynir Björnsson, lögg. fasteignasali

Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri

Elin Þorleifsdóttir, ritari

Anna M. Sigurðardóttir, ritari

Guðrún Magna Árnadóttir, ritari

Nýjar glæsilegar íbúðir til sölu



Lindargata 37, nýjar glæsilegar íbúðir í Skugganum

Á Lindargötu 37 byggir Mannverk fjölbýlishús á 11 hæðum, alls 31 íbúð. Undir húsinu er bíla-kjallari á þremur hæðum og fylgir 1–2 stæði með hverri íbúð. Íbúðum er skilað fullbúnum án gólfefna nema 901, 1001 og 1101 sem eru seldar fokheldar. Húsið er hannað af arkitektastofunum Schmidt, Hammer og Lassen og Hornsteinum.

Stærðir frá 91–250 fm



Ljósakur 2–8, nýjar glæsilegar íbúðir í Garðabæ

Mannverk reisir 24 íbúðir á Ljósakri 2–8 í Garðabæ. Í hverju húsi eru sex íbúðir, þrjár á hverri hæð og geymslur í kjallara. Einkenni húsanna er einfaldleiki.

Stærðir frá 76–170 fm



Ferjuvað 1–3, nýjar glæsilegar íbúðir í Norðlingaholti

Við Ferjuvað 1–3 í Norðlingaholti í Reykjavík byggir Sérverk ehf íbúðir í nýju 4ra hæða lyftuhúsi. Í húsinu eru 34 íbúðir með tvö stiga/lyftuhús og svalagangi. Íbúðirnar í húsinu eru bjartar og rúm-góðar og samanstanda af tveggja, þriggja, fjögurra og fimm herbergja íbúðum.

Stærðir frá 65–140 fm

Hjá okkur færðu faglega og vandaða ráðgjöf



VORHREINSUN

ALLAR VÖRUR
MEÐ 50%
AFSLÆTTI

Mind Xtra

Erum við hliðina á
Herra Hafnarfirði á 2. hæð.

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

Herra
hafnarfjörður

S. 572 3400



VIÐ STYRKAFHENDINGU Fimm af tíu höfundum Innvols við afhendingu Nýræktarstyrkja. Frá vinstri: Selma Leifsdóttir, Katla Ísaksdóttir, Valdís Björt Guðmundsdóttir, Maó og Þórunn Þórhallsdóttir.

Innvols tíu kvenna kemur

Nýræktarstyrkir Miðstöðvar íslenskra bókmennta voru veittir í liðinni viku. Meðal verka sem hlutu styrk í ár var bókin Innvols, safn ljóða og órsagna eftir tíu konur. Efnið small vel saman þrátt fyrir stóran og fjölbreyttan höfundahóp.

Innvols, safn ljóða, sagna og jafnvel mynda, var eitt fjögurra bókverka sem hlutu Nýræktarstyrk Miðstöðvar íslenskra bókmennta á dögnum. Höfundarnir eru tíu ungar konur en í umsögn úthlutunarnefndar segir að textarnir bregði ljósi á hugarheim ungra kvenna og sýn þeirra á samfélagið í verki þar sem „fáguð ljóðræna og hvassyrst snerpa takast á“.

Valdís Björt Guðmundsdóttir mannfræðingur er ein af höfundum Innvols.

„Við erum nokkrar stelpur sem tókum okkur saman. Við eigum það sameiginlegt að hafa verið að skrifa undanfarin ár en ekki stigið skrefið til fulls og gefið það út.“

Valdís Björt segir konurnar í hópnum koma úr mjög ólíkum áttum.

„Verkefnið vatt fljótt upp á sitt, ein benti á aðra og á tímabili voru fimmtán höfundar viðloðandi verk- ið en nokkrar hættu síðar við. En þarna kynntist ég fullt af stelpum

og það er óhætt að segja að þetta sé fjölbreyttur hópur.“

Samvinnan gekk merkilega vel að sögn Valdísar.

„Við höfðum búið okkur undir að það yrði einhver hugmyndafræðilegur ágreiningur en þetta hefur smolið mjög vel saman. Það skýrist hugsanlega af því að við settum mjög fáar takmarkanir um efnistöku, lengd eða fjölda texta. Sumar yrkja ljóð, aðrar órsögur og sumar skrifa fleiri texta en aðrar.“

POTTURINN ER ÞREFALDUR
OG STEFNIR Í

500 MILLJÓNIR

SUMAROPNUN, SÖLU LÝKUR KL. 16

Fyrsti vinningur stefnir í 300 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 200 milljónir.

Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is

300.000.000
+200.000.000



→ Höfundar Innvols

Bergþóra Einarsdóttir
Elín Ósk Gísladóttir
Guðrún Heiður Ísaksdóttir
Hertha Richardt Úlfarsdóttir
Katla Ísaksdóttir
Maó
Nanna Halldórsdóttir
Selma Leifsdóttir
Valdís Björt Guðmundsdóttir
Þórunn Þórhallsdóttir

→ Úr Innvolsi

Bálskotin

Ég vil að við skjótum hvort annað á báli

að við stöndum á bálinu miðju og skjótum.

Við horfumst í augu og skjótum. Hjörtun brenna ekki lifandi svo við horfumst í augu.

Bergþóra Einarsdóttir

“Við höfðum búið okkur undir að það yrði einhver hugmyndafræðilegur ágreiningur en þetta hefur smellið mjög vel saman

Valdís Björt
Guðmundsdóttir

Ólafur Elíasson sýnir Tiltrú á Íslandi

Opnar sína fjórðu einkasýningu í i8 á fimmtudag. Ný verk um staðsetningu, rýmisskynjun og upplifun.

Ólafur Elíasson myndlistarmaður sýnir ný verk á sýningunni Tiltrú sem opnar í galleríinu i8 fimmtudaginn 6. júní.

Þetta er fjórða einkasýning Ólafs í galleríinu og samanstendur af fjórum verkum, sem öll fjalla um staðsetningu mannsins í veröldinni, skynjun hans og upplifun.

Ljósmyndaserían The Hut Series inniheldur myndir af fjallakofum á hálendi Íslands. Myndirnar eru teknar að vori, áður en snjóa leysir og jafnvel áður en hlerar hafa verið teknir frá gluggum.

Glerverkið Your fading self (west) er frístandandi í sýningarrýminu og sést

utan frá götu. Það stendur á steyptri uppistöðu, er að hluta gegnsætt og að hluta hjúpað daufum fölvum sem setur sjónina úr jafnvægi um stund.

Þriðja verkið er líka leikur að sjónskynjun. Fimm þríhyrindir speglar eru festir á einn vegg gallerísins og eru allir kenndir við hik eða efa (Hesitant movement sky; Hesitant movement ground, Hesitant movement up; Hesitant Movement right og Hesitant you).

Fjórða verkið nefnist Trust compass og er áttavíti gerður úr rekaviði og látúnsstöngum sem halda sívölum seglum.

Sýningin stendur til 17. ágúst.



- bs TRUST COMPASS Eitt af fjórum nýjum verkum Ólafs í i8.



UNDIRBÚNINGUR FYRIR GÓÐAR GÖNGUFERÐIR

Sjóvá kynnir ókeypis fyrirlestra Safetravel og Slysavarnafélagsins Landsbjargar um búnað og öryggismál í gönguferðum. Farið verður yfir helstu atriði varðandi undirbúning og framkvæmd. Fyrirlestrarnir eru ætlaðir öllu áhugafólki um lengri og skemmri gönguferðir.

Miðvikudaginn 5. júní kl. 20.00–21.30 í Reykjavík
húsnæði Hjálparveitar skáta, Malarhöfða 6.

Fimmtudaginn 6. júní kl. 20.00–21.30 á Akureyri
húsnæði Björgunarsveitarinnar Súlna, Hjalteyrgötu 12.

Frekari upplýsingar má finna á Facebook-síðu Safetravel Iceland.
Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

safetravel.is



Sjóvá er aðalstyrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Út á bók

Textarnir eru ekki merktir höfundum sínum en aftast í bókinni er tekið fram hver skrifaði hvað.

„Okkur langar að taka höfundinn og reyna að skilja hann frá efninu,“ segir Valdís Björt. „Búa til rými fyrir textann þannig að hann fái að njóta sín óháð því hver skrifaði hann.“

Nýræktarstyrkurinn nam 250 þúsund krónum en áður hafði Innvols fengið 300 þúsund króna styrk úr Hlaðvarpanum.

„Við höfum verið mjög lánsamar. Handritið er nú komið í umbrot og bókin kemur vonandi út í ágúst sem hliðarspor á vegum útgáfunnar Útúrdúrs.“

bergsteinn@frettabladid.is

HVAÐ?
HVENÆR?
HVAR?

MIÐVIKUDAGUR
5. JÚNÍ 2013

Tónlist

12.00 Hádegistónleikar Schola Cantorum fara fram í Hallgrímskirkju í dag kl. 12. Aðgangseyrir er kr. 2000.

16.00 Magni og Matti koma fram í lista- og menningamiðstöðinni Líf fyrir líf á Laugavegi 103 (við Hlemm, á mótí 10-11). Tónleikarnir eru á vegum ABC barnahjálpar, sem er 25 ára og heldur upp á afmælið allan júnímánuð. Aðgangur er ókeypis.

21.00 Styrktartónleikar í þágu Einstakra barna fara fram á Café Rósenberg í kvöld kl. 21. Fram koma Elísabet Ormslev, Maja Eir, Elís Veigar, Hrefna Hrund, Bjarni töframaður, Felix Bergsson og fleiri. Kynnir er Logi Bergmann Eiðsson. Aðgangseyrir er kr. 2500.

22.00 Sóley og Dj Flugvél & geimskip þeyta skifum á efri hæð Faktory. Aðgangseyrir 1.000 kr.

FUÐGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma

FUÐGE

FUÐGE

FUÐGE

FUÐGE

FUÐGE

FUÐGE

Rakarastofan Klapparstíg

S: 5513010



VILL BÖRN Dannii Minogue hefur áhuga á að eignast fleiri börn.

Vill eignast fleiri börn

Sjónvarpskonan Dannii Minogue hefur áhuga á að eignast fleiri börn. Hún á fyrir soninn Ethan, sem verður þriggja ára í júlí, með fyrrverandi kærasta sínum, Kris Smith.

„Ég held að mig langi í annað,“ sagði hún við tímaritið Grazia. „En ég get ekki bara smellt fingrum og látið það gerast.“

Minogue, sem er systir söngkonunnar Kylie, var dómari í raunveruleikahættinum X-Factor á bresku sjónvarpstöðinni ITV til ársins 2010. Þá flutti hún sig yfir í áströlsku útgáfu þáttarins.



MUN EKKI BYRJA Á „K“ Dóttir Kim Kardashian og Kanye West mun ekki bera nafn sem byrjar á „K“.

Kim og Kanye eignast stúlku

Rapparinn Kanye West og Kim Kardashian eiga von á stúlku. „Ég er svo spennt. Við eigum von á stúlku. Hver vill ekki eignast stúlku? Þær eru bestar og ég veit að Kanye hefur alltaf langað í litla stelpu,“ sagði Kim þegar læknirinn tilkynnti um kynið. Fjölskylda Kim hélt veislu henni og barninu til heiðurs í nýjasta þættinum af Keeping up with the Kardashians sem sýndur var ytra um helgina. Slúðurmiðlarnir eru nú þegar farnir að spá fyrir um nafn á dómuna en Kim hefur sagt að þrátt fyrir að hefð sé fyrir bókstafnum „K“ hjá Kardashian-fjölskyldunnar muni frumburður hennar ekki bera nafn sem byrjar á „K“.



TÓNLEIKAR Heiðar Örn og félagar halda útgáfutónleika 27. júní.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fagna útgáfu í Austurbæ

Botnleðja heldur útgáfutónleika í Austurbæ fimmtudagskvöldið 27. júní og hefst miðasala á Midi.is á morgun klukkan 10.

Rokksveitin er að fagna sinni fyrstu safnplötu, Þegar öllu er á botninn hvolft, sem kemur út 11. júní hjá Record Records.

Á gripnum eru tveir geisladiskar. Sá fyrri inniheldur átján lög og þar af eru sextán af fimm breiðskífum sveitarinnar. Einnig eru þar tvö glæný lög, Slóði og Panikkast sem er þegar farið að hljóma á öldum ljósvakans. Seinni diskurinn inniheldur áður óutgefnar upptökur, ábreiður, enskar útgáfur laga, endurhljóðblandingar og tónleikaupptökur.

Smith orðinn þreyttur á Men In Black

Will Smith hefur ekki áhuga á að leika í fjórðu Men in Black-myndinni sem er í undirbúningi.

Will Smith hefur ekki áhuga á að leika í fleiri Men in Black-myndum. Búið er að ráða handritshöfund fyrir fjórðu myndina.

Leikarinn virðist ekki vera sérlega áhugasamur um að leika Agent J í næstu mynd og telur að þrjár séu alveg nóg. „Ég held að þrjár myndir séu alveg nóg fyrir mig,“ sagði hann við Collider.com. „Eitthvað þrennt af hverju sem er er nóg fyrir mig. Ég myndi kíkja á það og íhuga það en mér finnst eins og það sé kominn tími til að

leyfa öðrum að prófa þetta.“

Smith lék í fyrstu Men in Black-myndinni árið 1997 ásamt Tommy Lee Jones og endurtóku þeir hlutverkin í framhaldsmynd fimm árum síðar. Þriðja myndin kom svo út í fyrra, fimmtán árum eftir þá fyrstu. Þar var Josh Brolin í hlutverki Tommys Lee Jones á yngri árum.

Nýjasta mynd Smith er After Earth, þar sem hann leikur á móti syni sínum, Jaden Smith. Spurður hvort hann gæti hugsað sér að

600 Men in Black III halaði inn 600 milljónum dala og er tekjuhæsta mynd seríunnar.

Jaden myndi taka við af honum í Men in Black-myndunum sagði hann: „Ef þeir hafa áhuga á því er það kannski í lagi. Ég er ekkert að þrýsta á það.“



MEN IN BLACK Will Smith í hlutverki Agent J í Men in Black.

Svo létt á brauðið



Á FLEYGIFERÐ Jón Arnór sækir hér að körfu Real Madrid í leiknum í gær.

MYND/KARFAN.IS

CAI Zaragoza úr leik

Jón Arnór Stefánsson og félagar réðu ekki við Real.

KÖRFUBOLTI Real Madrid er komið í úrslit spænsku úrvalsdeildarinnar eftir að hafa lagt CAI Zaragoza, 77-63, í þriðja leik liðanna. Real Madrid sópaði þar með Jóni Arnóri og félagum úr keppni 3-0. Zaragoza byrjaði leikinn mjög vel og stóð lengi vel í stórveldinu. Real Madrid var aftur á móti of stór biti í lokaleikhlutanum og fóru að lokum með sigur af hólmi. Jón Arnór gerði 5 stig í leiknum.

- sáþ

BIRTING LÝSINGAR

Útgefandi: REG 2 Smáralind, fagfjárfestastjóður, kennitala 621112-9960, Borgartúni 19, 105 Reykjavík

REG 2 Smáralind, fagfjárfestastjóður, hefur birt lýsingu í tengslum við umsókn um að flokkur eignavirna skuldabréfa væri tekinn til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. Lýsingin er dagsett 4. júní 2013 og staðfest af Fjármálaeftirlitinu, gefin út á íslensku og gefin út rafrænt og birt á vefsíðu Stefnis hf. sem er rekstraraðili sjóðsins, nánar tiltekið á slóðinni www.stefnir.is/kaupholl. Lýsinguna má nálgast á vefsíðunni næstu 12 mánuði. NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir opinberlega ef skuldabréfin eru tekin til viðskipta og þá hvenær fyrsti mögulegi viðskiptadagur með bréfin eru á hinum skipulega verðbréfamarkaði, en NASDAQ OMX Iceland hf. tilkynnir slíka dagsetningu með að lágmarki eins viðskiptadags fyrirvara.

Skuldabréfin eru gefin út af REG 2 Smáralind sem er fagfjárfestastjóður rekinn af Stefni hf. Upphafleg höfuðstólsfjárhæð útgefna skuldabréfa, sem öll hafa verið seld, og heildarheimild útgaðu nemur 6.600.000.000 kr. að nafnverði. Bréfin eru gefin út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. Auðkenni flokksins er REG2SM 12 2. ISIN-númer skuldabréfanna er IS0000022549. Bréfin eru gefin út í íslenskum krónum og er hver eining skuldabréfanna 1 kr. að nafnverði. Tilgangur með því að fá skuldabréfin tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði NASDAQ OMX Iceland hf. er að tryggja fjárfestum að starfshættir og upplýsingagjöf um m.a. fjárhagsstöðu útgefanda séu í samræmi við Reglur fyrir útgefendur fjármálagerninga, útgefna af NASDAQ OMX Iceland hf., eins og þær eru á hverjum tíma, svo og að auka markaðshæfi skuldabréfanna.

Nánari upplýsingar um REG 2 Smáralind og skuldabréfaflokkinn REG2SM 12 2 má finna í lýsingu sjóðsins. Fyrirtækjaráðgjöf Fjárfestingabankasviðs Arion banka hf. hafði umsókn með því ferli að fá skuldabréfin tekin til viðskipta í Kauphöllinni.

Reykjavík, 4. júní 2013
Stjórn Stefnis hf.



Markheppinn flakkari

Danka Podovac hefur farið á kostum í Pepsi-deild kvenna í sumar. Danka er markahæst í deildinni þrátt fyrir að leika sem framliggjandi miðjumaður. Íslenski ríkisborgarinn saknar kærastans og fjölskyldunnar heima í Serbíu.

FÓTBOLTI „Ég hef spilað á Íslandi í sjö ár og ekki unnið neitt. Ég vildi komast í lið sem hefði möguleika á að vinna titil,“ segir Danka Podovac, sem farið hefur á kostum í óstöðvandi liði Stjörnunnar í sumar. Stjarnan hefur unnið alla fimm leiki sína, aðeins fengið á sig eitt mark og skorað tuttugu. Átta þeirra hefur Danka skorað.

„Ég hef aldrei byrjað tímabil jafnvel,“ segir Danka og minnir á að þótt hún sé miðjumaður sinni hún lítili varnarskyldu. Hennar hlutverk sé að koma samherjum í færi og skora. „En ég væri aldrei búin að skora svona mörg mörk ef ekki væri fyrir frábæra frammistöðu samherja minna.“

Höfðu ekki efni á henni

Danka hefur flakkað á milli liða á Íslandi frá því hún gekk fyrst í raðir Keflavíkur árið 2006. Eftir þrjú tímabil með Keflavík lá leiðin til Fylkis í Árbænum. Danka skoraði 13 mörk í 17 leikjum með Fylki en aftur söðlaði hún um.

„Hvorki Keflavík né Fylkir höfðu nægt fjármagn til að geta haldið mér þar,“ segir Danka. Hún hafi því verið á flakki fyrir nauðsyn enda knattspyrnan starf hennar. Þór/KA á Akureyri naut krafta hennar sumarið 2010 og árin tvö á eftir var hún hjá ÍBV í Eyjum.

„Við áttum möguleika á titlinum í fyrra hjá ÍBV en það tókst ekki. Nú tel ég okkur vera með besta liðið í deildinni. Ég hef aldrei átt betri möguleika á að vinna titilinn,“ segir Danka.

Engir hamborgarar

Danka býr með Megan Manthey, bandarískum leikmanni Stjörnunnar. Hún segir þær stöllur ná vel saman og samvistin gangi vel.

„Það eru engir hamborgarar,“ segir Danka og hlær aðspurð um matinn sem herbergisfélaginn bjóði upp á.

„Við eldum stundum saman og skiptumst líka á. Svo förum við stundum út að borða,“ segir Danka sem varð íslenskur ríkisborgari í apríl. Hún segir ríkisborgararéttinn hafa hjálpað til við að starfa innan Evrópu.

„Með vegabréf frá Serbíu er erfitt að vera lengur en þrjú mánuði nokkurs staðar í Evrópu,“ segir Danka. Ísland getur þó ekki nýtt Dönku í landslið sitt enda er hún þrautreyndur landsliðsmaður Serba.

kolbeinntumi@365.is



STJARNA Danka Podovac hefur farið á kostum með liði Stjörnunnar í sumar. Hún er búin að vera lengi á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

VILDI KOMA Í VEG FYRIR VÆL

„Ástæða þess að ég fékk Dönku til Stjörnunnar var fyrst og fremst sú að við misstum Gunnhildi Yrsu (Jónsdóttur) og Eddu Maríu (Birgisdóttur) af miðjunni,“ segir Þorlákur Árnason, þjálfari Stjörnunnar.

Óhætt er að segja að hinn marksækna Danka sé leikmaður af allt öðrum toga en hinar baráttuglöðu Gunnhildur Yrsa, sem leikur nú í Noregi, og Edda María, sem er í barneignarleyfi.

„Ég var á þeirri skoðun að við þyrftum allt öðruvísi leikmann svo liðið væri ekki alltaf að miða sig við þær og væla yfir brotthvarfi þeirra,“ segir Þorlákur. Danka hefur fallið afar vel inn í leik Garðabæjarliðsins eins og augljóst er af tölfræðinni. „Auðvitað tók það tíma en það er eins og hún hafi alltaf verið í Stjörnuni, bæði félagslega og á vellinum. Fyrirliðinn á miðjunni, Ásgerður Stefanía (Baldursdóttir), stýrir þessu og leikmenn eru fljótir að komast inn í hlutina með hana við hliðina á sér.“



TÖLFRÆÐI DÖNKU

2006 - 2013

Lið - leikir - mörk
Stjarnan - 6 - 8
ÍBV - 39 - 27
Þór/KA - 13 - 9
Fylkir - 21 - 16
Keflavík - 52 - 20
Alls - 131 - 80

LEIKIR KVÖLDSINS

Þór/KA - Selfoss
ÍBV - Afturelding
FH - Breiðablik
Stjarnan - Þróttur
HK/Víkingur - Valur

Í beinni á Vísu

Umsóknarfrestur til 5. júní

NÝTT TÆKIFÆRI TIL NÁMS

HÁSKÓLABRÚ

Á Háskólabrú er boðið upp á nám fyrir einstaklinga sem hafa ekki lokið stúdentsprófi. Að námi loknu uppfylla nemendur inntökuskilyrði í háskóla hérlendis og erlendis. Háskólabrú er skipulögð í samstarfi við Háskóla Íslands.

Kennsla á Háskólabrú fer fram í staðnámi og fjarnámi.

NÁMSFRAMBOÐ

- // FÉLAGSVÍSINDA- OG LAGAEILD
- // HUGVÍSINDAEILD
- // VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILD
- // VERK- OG RAUNVÍSINDAEILD



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

KEILIR
ÁSBRÚ
578 4000
keilir.net



FORSALA Á MIDI.IS
TIL OG MEÐ 6. JÚNÍ

FULLT VERÐ (ÞRJÚ SVÆÐI):
4.000 KR, 3.000 KR OG 2.000 KR
FORSÖLUVERÐ:
3.500 KR, 2.500 KR OG 1.500 KR

50% AFSLÁTTUR AF FULLU VERÐI
FYRIR 16 ÁRA OG YNGRI



UNDANKEPPNI HM 2014
ÍSLAND - SLÓVENÍA

FÖSTUD. 7. JÚNÍ KL. 19:00

STYÐJUM VIÐ BAKIÐ Á STRÁKUNUM!
ALLIR Á LAUGARDALSVÖLLINN!

Alltaf í boltanum með KSI

BORGUN

Lengjan

ICELANDAIR



Coca-Cola



FRÁBÆR ÁRANGUR EFTIR NÁM Í KEILI

Fida Abu Libdeh flutti til Íslands frá Palestínu 16 ára gömul. Æðsti draumur hennar var að mennta sig, en fyrir innflytjanda með takmarkaða íslenskukunnáttu var erfitt að fóta sig í íslensku framhaldsskólakerfi.



Á Háskólabrú Keilis fann hún nýtt tækifæri til að halda menntun sinni áfram og að henni lokinni fór hún í háskólanám hjá Keili í orku- og umhverfistæknifræði.

Fida stofnaði fyrirtækið GeoSilica Iceland ehf. ásamt Burkna Pálssyni og fyrirtækinu Ögnum ehf. í framhaldi af lokaverkefnum þeirra í orku- og umhverfistæknifræðinámi Keilis. Markmið þess er að vinna hágæða kísil-heilsuvörur úr kísilríku affallsvatni jarðvarmavirkjana sem í dag er að mestu leyti ónýtt auðlind. Fyrirtækið fékk aðstöðu í frumkvöðlasetrinu Eldey á Ásbrú en tæknifræðinámið í Keili er kjörinn vettvangur fyrir frumkvöðla til að þróa hugmyndir sínar.

GeoSilica Iceland ehf. fékk verkefnisstyrk frá Tækniþróunarsjóði haustið 2012 og var valin ein af 10 bestu viðskiptahugmyndunum í Gulleggju 2013, frumkvöðlakeppni á vegum Innovit. Meðfram rekstri fyrirtækisins stundar Fida meistaranám í umhverfis- og auðlindafræði við HÍ.

Saga Fidu er eitt af fjölmörgum dæmum um þau tækifæri sem opnast hafa í Keili!

Komdu í Keili!

KEILIR
ÁSBRÚ
578 4000
keilir.net



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

DRYKKURINN



„Svart kaffi alla daga en í sumar sumaröl með sítrónusneið og klaka.“

Ásta Sveinsdóttir, eigandi Roadhouse og SuZushi

Hilmir Snær leikstýrir Monty Python-söngleik

Hilmir Snær Guðnason setur söngleikinn Spamalot eftir Monty Python á svið í Þjóðleikhúsinu.

„Það verður landslið grínista sem tekur þátt,“ segir Hilmir Snær Guðnason leikari.

Hann sest í leikstjórstólinn í lok árs þegar hann setur á svið söngleikinn Spamalot í Þjóðleikhúsinu. Söngleikurinn byggir á kvikmyndinni „Monty Python and the Holy Grail“ frá árinu 1975 og hefur verið settur upp víða frá 2004. „Monty Python er svona grúpa eins og Fóstbræður. Ég var nú í Fóstbræðrum á sínum tíma og söngleikurinn minnir svolítið á það. Þetta er álíka aulalegt grín, svo þetta verður þrælskemmtilegt,“ segir Hilmir, en meðal þeirra sem leika og syngja verða þau Örn Árnason, Selma Björnsdóttir, Eggert Þorleifsson og Jóhann G. Jóhannsson. „Svo fengum við

2 Meira en tvær milljónir manna sáu Spamalot á Broadway á árunum 2005 til 2009.

Márius Sværissón til að vera með en hann er búinn að slá í gegn sem söngleikjastjarna úti í Þýskalandi. Hann hefur ekki gert mikið hér heima svo þetta er mikill sigur fyrir okkur,“ segir Hilmir. En er leikstjórn söngleikja eitthvað sem koma skal? „Nei þetta verður sennilega fyrsti og síðasti söngleikurinn sem ég leikstýri,“ segir hann og hlær, en hlakkar til að takast á við verkefnið.



HELDUR UPP Á MONTY PYTHON Leikarinn og leikstjórinn Hilmir Snær Guðnason leikstýrir söngleiknum Spamalot í Þjóðleikhúsinu á næsta leikári.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SUMARSKEMMTUN FYRIR LESTRARHESTA



SKÚLI SKEMMTIR OG FRÆÐIR



Þegar Nanna norn sveiflar töfrasprotanum gerist alltaf eitthvað skemmtilegt!

4 NÝJAR SÖGUR Í HVORRI BÓK



www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

Ekkert að stressa okkur á veðurspánni

Keflavík Music Festival hefst formlega í kvöld og lýkur á sunnudag. Vont veður hefur verið í Keflavík en skipuleggjandinn Óli Geir er ekkert stressaður yfir því.

„Miðasalan gengur frábærlega og við erum ekki að stressa okkur á neinu,“ segir umboðsmaðurinn Ólafur Geir Jónsson, sem stendur fyrir Keflavík Music Festival. Hátíðin hefst formlega í kvöld og lýkur á sunnudag.

Veðrið hefur ekki verið að leika við landsmenn það sem af er sumri og á Suðurnesjum hefur það verið ansi slæmt að undanfögnu. Því er vert að spyrja hvort einhverjar ráðstafanir verði gerðar fyrir gesti hátíðarinnar, en boðið er upp á þann möguleika að tjalda í Keflavík. „Tónleikarnir verða ekki úti og fólkið verður inni í tjöldunum en ekki fyrir utan þau, svo við erum ekkert stressaðir. Veðrið skiptir engu máli,“ segir Óli Geir, pollrólegur yfir veðurspánni.

Fjölmarginn íslenskir og erlendir listamenn koma fram á hátíðinni. Er ekki mikil spenna fyrir stóru nöfnunum? „Jú, það er gríðarlega mikil spenna, sérstaklega þegar það er svona stutt í þetta. Fólk er oft lengi að taka við sér í miðasölu en núna er þetta að koma,“ segir Óli Geir.

Eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá er von á spennandi tónleikasumri þar sem Frank Ocean, Deep Purple, Nick Cave og Band of Horses eru á meðal þeirra sem halda tónleika hér á landi. Það er því ljóst að margir verða að velja og hafna þegar kemur að tónleikunum, en eitthvað hefur borið á því að gestir hafi reynt að losa sig við miða á Keflavík Music Festival á Facebook og bland.is. Er þetta eitthvað sem þú hefur tekið eftir? „Nei, alveg alls ekki. Miðasalan



STÓR NÖFN Á KEFLAVÍK MUSIC FESTIVAL Umboðsmaðurinn Óli Geir spáir sólskini í Keflavík um helgina. Söngdíván Iggy Azalea er á meðal þeirra sem koma fram á hátíðinni.

Meðal flytjenda á hátíðinni

Ásgeir Trausti Far East Movement Hjálmar Iggy

Azalea Friðrik Dór Jón Jónsson Outlandish Sísý Ey

Rudimental Agent Fresco Tinie Tempah Chase & Status Skálmöld

hefur gengið vonum fram- ar,“ segir Óli Geir og segir hátíðina vera búna að festa sig í

sessi. „Þetta er í annað sinn sem við höldum þessa hátíð og hún er stærri og fjölbreyttari en fyrr, svo þetta er bara það sem koma skal. Svo er líka alltaf sól í Keflavík,“ segir Óli Geir létur að lokum. kristjana@frettabladid.is

Aukasýning með Jeff Dunham

Bandaríski uppistandarinn Jeff Dunham kemur fram á aukasýningu í Höllinni.

Hinn heimsfrægi bandaríski uppistandari og búktalari Jeff Dunham hefur samþykkt að koma fram á aukasýningu í Laugardalshöll 20. september. Miðar seldust hratt upp á fyrri sýningu hans en aukasýningin verður strax á eftir henni, eða klukkan 23.

„Við erum búnir að vera að reyna að fá Jeff og hans fólk til að bæta við sýningu um kvöldið en það hefur ekki gengið, þar til núna, enda erum við partur af risastórum heimstúr og bíúi að skipuleggja fyrir fram hverja stund,“ segir skipuleggjandinn Ísleifur B. Þórhallsson. „Þegar við sögðum honum hversu hratt

→ Dunham er sá listamaður sem hagnaðist mest innan gríniðnaðarins árin 2009 og 2010.

hefði selst upp á sýninguna og að meira að segja stök sæti hefðu öll verið seld þá ákvað hann að slá til. Hann sá að Íslendingar voru greinilega til í meiri Jeff Dunham.“

Miðasala á aukasýninguna hefst kl. 10 fimmtudaginn 13. júní á Midi.is. Þeir sem eru skráðir á póstlista Senu geta tryggt sér miða áður en almenn sala hefst.


-fb



AUKASÝNING Jeff Dunham hefur samþykkt að koma fram á aukasýningu í Laugardalshöll. NORDICPHOTOS/GETTY

HARPA KYNNIR
„VIÐBURÐ ÁRSINS“

Íslensku tónlistarverðlaunin 2012



HARPA

ANAC
HRON
ISM
TÍMA
SKEKKJA
Í HÖRPU



Listrænn stjórnandi
Vikingur Heiðar Ólafsson

Reykjavík Midsummer Music. 19. til 21. júní

MIÐVIKUDAGUR 19. JÚNÍ FIMMTUDAGUR 20. JÚNÍ FÖSTUDAGUR 21. JÚNÍ

17.00 SETNING HÁTÍÐAR / OPENING
CEREMONY - 100 LJÓÐRÆNIR
TAKTMÆLAR / 100 POETIC METRONOMES

20.30 SVEIMANDI VOFUR /
WANDERING GHOSTS / Johann
Sebastian Bach **3 sálmaforleikir** / Johann Sebastian
Bach **Píanókoncert nr. 1** / Sergei Rachmaninoff
7 sönglög / Guy Maddin **Odin's Shield Maiden** /
Sergei Rachmaninoff **Píanótrío nr. 1**

12.15 300 ÁRA KANTPIANÓ /
300-YEAR-OLD SQUARE PIANO
Vikingur leikur á og kynnir kantpíanó sitt

17.00 KVIKMYNDASÝNING
LUDWIG VAN Mauricio Kagel

20.30 POST SCRIPTUM Valentin Silvestrov
Post Scriptum / Mauricio Kagel
Ludwig van - tónverk / Mauricio Kagel **MM 51** /
Camille Saint-Saëns **Strengjakvartett nr. 2**

23.30 KVARÐI - EKKI FORM / SCALE
- NOT FORM
Morton Feldman **Piano and String Quartet**

12.00 KVIKMYNDASÝNING DEATH
FOR FIVE VOICES Werner Herzog

17.00 KVIKMYNDASÝNING
THE HEART OF THE WORLD
TALES FROM THE GIMLI HOSPITAL Guy Maddin

20.30 SÍÐUSTU SÖNGVAR /
LAST SONGS
Sergei Prokofiev **Sinfónía Nr. 1** / John Dowland **In
Darkness let me dwell** / Thomas Adés **Darkness
Visible** / Igor Stravinsky **3 Japanese Lyrics** /
Maurice Ravel **3 Poèmes de Stéphane Mallarmé** /
Juan del Encina **Cucú, cucú!** / György Ligeti
2 Nonsense madrigalar / Carlo Gesualdo
5 madrigalar / Richard Strauss **Four Last Songs**

23.30 OFF VENUE Á VOLTU
DJ TERRORDISCO

2013
rmm.

MIÐASALA HEFST Í DAG Á HARPA.IS



Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

VÍSIR

Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ásgeir Trausti hitar upp

Tónlistarmaðurinn Ásgeir Trausti hitar upp fyrir bandarísku hljómsveitina Band of Horses á tónleikum hennar í Eldborgarsal Hörpu 11. júní. Eftir að hafa fengið að heyra tónlist Ásgeirs Trausta varð hljómsveitin, ásamt fólkinu í kringum hana, yfir sig hrifin og vildi endilega fá hann til að spila. Meðlimir Band of Horses ætla að nýta ferðina til Íslands vel því þeir koma hingað tveimur dögum fyrir tónleikana og hafa í hyggju að skoða sig um í Reykjavík og nágrenni. Miðar á tónleikana seldust upp á fyrsta degi en hátt í 40 miðar sem höfðu verið teknir frá eru á leiðinni aftur í sölu í dag. - fb



Hrífast af Hjaltalín

Smáskífulag Sigríðar Thorlacius og félagi í Hjaltalín, Crack in a Stone, fær góða dóma hjá breska blaðinu The Sunday Times. Þar segir að lagið sé silkimjúkur, flókinn en fallegur forsmekkur fyrir nýju plötuna þeirra. Þar á blaðamaðurinn við Enter 4 sem kemur út um allan heim 26. ágúst. Smáskífulagið kemur út á 7 tommu vínýl 24. júní. Platan kom út hér heima við góðar undirtektir rétt fyrir jól og kom í síðustu viku út á vínýl. - fb



Mest lesið **VÍSIR**

- 1 „Siggi hakkari“ grunaður um milljónasvik
- 2 Fær styrk fyrir einum degi í einu
- 3 Fengu skúfu í pizzuna
- 4 Börn nota klám sem gjaldmiðil á netinu
- 5 Þóttist vera tveir menn í samskiptum við tölvuverslun

„... óendanlega skemmtileg lesning.“

UNNUR EGGERTS, SÖNG- OG LEIKKONA

www.forlagid.is
 – alvöru bókabúð á netinu



RAFVÖRU MARKAÐURINN

ÚRVAL RAFLAGNAEFNIS

Fellsmúla - Reykjavík

UTANÁLIGGJANDI ROFAR & TENGLAR
 VERÐ FRÁ **779**

INNLAGNAEFNI ROFAR OG TENGLAR
 VERÐ FRÁ **495**

RAKAPÓLINIR ROFAR OG TENGLAR
 VERÐ FRÁ **775**

VINNULJÓSAFLA
37.990

INNLAGNAEFNI - 4 LITIR
 PASSAR Í TICINO DÓSIR

Lágvöruverð
 Kynntur þér málið

Innlagnaefni Rofar og tenglar

VERÐ FRÁ **475**

GREINAKASSAR / TÖFLUR
6.990 **8.900**
8.350 **6.995**
4.950

RÖR - LAGNAENNUR - BARKI

BEYGJUR - HÓLKAR - DÓSIR

NEOSET VARROFAR 1, 2 OG 3 PÓLA
 VERÐ FRÁ **1.295**

SJÁLfvÖR 1 PÓLA **799**

VIÐ OG KAPLAR

ÍÐNARTENGLAR OG KLÆR
 VERÐ FRÁ **699**

LEKASTRÁUMSROFI 4 PÓLA
4.950
 LEKASTRÁUMSROFI 2 PÓLA
2.975

SJÁLfvÖR 2 PÓLA **1.398**
 SJÁLfvÖR 3 PÓLA **2.397**

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA

Mánud. til föstud. kl 9 - 18
 Laugard. kl 10 - 17
 Sunnud. kl 12 - 16